

# Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

## FUNDARBOÐ – 318. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 21. febrúar 2019 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00**.

### Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Pakkhúsið – fulltrúar frá handverkshópnum mæta á fundinn kl. 17:00.
- 2) Fundargerð velferðarnefndar, dags. 28. janúar 2019.
- 3) Fundargerðir 3., 4. og 5. fundar öldrunarráðs, dags. 29. janúar, 28. janúar og 11. febrúar 2019.
- 4) Fundargerð 181. fundar menningarnefndar, dags. 19. febrúar 2019.
- 5) Fundargerð 122. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 25. janúar 2019.
- 6) Fundargerð 123. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 1. febrúar 2019.
- 7) Fundargerð 179. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga, dags. 12. febrúar 2019.
- 8) Fundargerð 867. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 25. janúar 2019.
- 9) Fundargerð 409. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 18. janúar 2019.
- 10) Bréf frá leikskólastjóra, dags. 30. janúar 2019, varðandi ósk um aukafjárveitingu.
- 11) Bréf frá Hesteigendafélaginu Hring í Ólafsvík, dags. 29. október 2018, varðandi ósk um styrk vegna fasteignagjálda af reiðskemmunni að Fossárvegi 7.
- 12) Bréf frá eigendum Sólarsports ehf, dags. 15. febrúar 2019, varðandi húsnaðið á efri hæð sundlaugarinnar.
- 13) Bréf frá Antoni Gísla Ingólfssyni, dags. 12. febrúar 2019, varðandi Áhaldahús Snæfellsbæjar.
- 14) Bréf frá Öldu, félag um sjálfbærni og lýðræði, ódags., varðandi ráðgjöf um styttingu vinnuvikunnar og eflingu lýðraðisins.
- 15) Bréf frá SSV, dags. 11. febrúar 2019, varðandi fræðsluferð kjörinna fulltrúa og framkvæmdastjóra sveitarfélaga í vor.
- 16) Bréf frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, dags. 12. febrúar 2019, varðandi áfangastaðaáætlanir.
- 17) Bréf frá verkefnastjóra Umhverfisvottunar Snæfellsness, dags. 11. febrúar 2019, varðandi vottun Snæfellsness 2019.
- 18) Fundarboð á 79. hérðasþing HSH, dags. 14. mars 2019.
- 19) Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga, dags. 11. febrúar 2019, varðandi framboð til stjórnar sjóðsins.
- 20) Bréf frá Íbúðalánasjóði, ódags., varðandi húsnaðisáætlanir sveitarfélaga.
- 21) Bréf frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu, dags. 5. febrúar 2019, varðandi ályktunum þjónustu hjúkrunarheimila og þjónustu í dagdvalarrýmum.
- 22) Bréf frá Öryrkjabandalagi Íslands, dags. 12. febrúar 2019, varðandi notendaráð fatlaðs fólks.
- 23) Bréf frá framkvæmdastjóra Svæðisgarðsins Snæfellsness, dags. 12. febrúar 2019, varðandi verkefnið Umhverfingu og kynningu á Jarðarstund 2019.
- 24) Minnispunktar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ, 19. febrúar 2019  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

28. Janúar 2019

Fundargerð Velferðarnefndar Snæfellsbæjar

Fundur haldinn í ráðhúsi Snæfellsbæjar Mánudaginn 28 janúar

Fundinn sátu Hafþór, Guðrún, Gunnhildur, Þórunn, Andri

Gestir: Ungmennaráð og Öldrunarráð

Gunnhildur setur fund kl 20:00

Dagsskrá:

1. Fundað er með ungmennarráði og öldrunarráði um forvarnir og málefni. Tillaga þess efnis að nefndir haldi fund hjá sér og komi svo með tillögur af fræðslu sem hægt væri að vera með á heilsu vikunni 8-15 Mars eða á árinu.
2. Áhveðið var að nefndirnar kæmu tillögur á næsta fundi eftir 2 vikur.

Fundi slitið 21:00

## Öldrunarnefnd Snæfellsbæjar

Fundur á Klifi miðvikudaginn 29. janúar 2019 kl 14,30

Fundur no 3

Mættir: Margrét Vigfúsdóttir formaður, Jón Guðmundsson, Erla Laxdal Gísladóttir, Jóhanna Gunnarsdóttir og Pétur Steinar Jóhannsson.

Margrét bauð fundarmenn velkomna. Las hún síðan upp nokkra punta úr fundargerð frá mánudeginum 28/1 sl en þar hittust Öldrunarráð SNB, Ungmennaráð SNB að beiðni Velferðarnefndar SNB.

Nefndarmenn í Öldrunarráði ræddu um fyrirhugaða heilsuviku sem á að vera í mars nk og hverjar hugmyndir Öldrunarráðs væru til að koma þar inn í dagskrána.

Tvær hugmyndir komu fram: Önnur að fá næringarfræðing til að koma á fund með eldri borgurum á Klifi og ræða um mataræði og því tengt.

Hin var um að ræða við Landsbankann að koma á námskeiðum með eldri borgurum í sambandi við notkun heimabanka.

Þá var talað um að hvetja eldri borgara til að stunda sundið og leikfimina sem henni fylgir og einnig að minna á bociaæfingarnar sem fram fara í Íþróttahúsi Snæfellsbæjar.

Fleira var rætt ma um lífeyrismál. Nauðsynlegt er að vekja athygli á því og kynna fyrir fólk gildi lífeyrissparnaðar og fleira sem tengist því. Þótt málið sé kanske ekki alveg málefni eldri borgara þá er nauðsynlegt að fólk hugi vel á þeim málum áður en það kemst á þann aldur sem hægt er að taka sparnaðinn út.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15,05.

Fundarritari Pétur Steinar Jóhannsson

## Öldungaráð Snæfellsbæjar

Fundur no 4 í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl 20,00 mánudaginn 28. janúar 2019

Mættir frá Öldungaráði: Ólafur Hlynur Steingrímsson í forföllum Margrétar Vigfúsdóttur, Ragnheiður Víglundsdóttir í forföllum Pétur S Jóhannssonar, Jóhanna Gunnarsdóttir, Erla Laxdal Gísladóttir og Jón Guðmundsson.

Til fundarins hafði velferðarnefnd boðað ungmannaráð Snæfellsbæjar auk okkar öldungaráðsmanna. Það kom fram hjá Gunnhildi Hafsteinsdóttir formanns Velferðarnefndar að efni fundarins væri fyrirhuguð heilsuvika í mars og hvað væri hægt að gera í tengslum við hana varðandi heilsueflingu og fleira.

Einhver atriði er búið að ákveða í tengslum við þessa viku, en fleiri hugmyndir vantar og á þessum fundi okkar komu upp ýmsar tillögur, m.a. var velt upp, t.d. að fá ráðgjafa til að fara yfir matarræði eldri borgara, fá Landsbankann til að hafa kynningu á heimabanka og sparnaðarleiðum fyrir yngra fólkið, tengja saman yngra fólkið okkar og eldra varðandi tilslögn á tölvur og snjallsíma. Einnig að fá verkalýðsfélagið til að kynna fyrir, sérstaklega yngra fólkini, réttindi þeirra og fá kynningu á launaseðlinum sem þau fá og sjái í hvað allir þessir frádráttarliðir fara.

Ýmislegt fleira var rætt en að lokum var stungið upp á að ungmannaráð og þjónustuhópur eldri borgara myndu hittast í sitthvoru lagi fljótlega þar sem að áherslur hópanna eru mismunandi og síðan yrði annar fundur eins og í gær, t.d. eftir 2-3 vikur, þar sem að mótaðar tillögur hópanna yrðu lagðir fyrir og ræddar. Þá væri hægt að byrja vinnu við að koma þeim í framkvæmd.

Fundi slitið kl. 20.40

Ritari þessarar fundargerðar Pétur Steinar Jóhannsson

## Lilja Ólafardóttir

---

**From:** Pétur Steinar Jóhannsson <psj@simnet.is>  
**Sent:** föstudagur, 15. febrúar 2019 17:18  
**To:** Lilja Ólafardóttir  
**Subject:** Öldungaráð FS: Fundur no 5

Sjá meðfylgjandi Lilja. Mbk Pétur

### FUNDUR no 5

#### ÖLDUNGARÁÐ SNÆFELLSBÆJAR

Fundur mánudaginn 11. febrúar 2019 kl 20,00 í Ráðhúsi Snæfellsbæjar

Mættir: Margrét V, Jón G, Aðalsteina Erla, Jóhanna G og Pétur Steinar.

Til fundarins var boðað af Velferðarnefnd SNB og einnig mætti Ungmennaráð SNB.

Fundarefni: Framhald umræðana um heilsuviku í Snæfellsbæ sem fram fer 8. mars til 15. mars nk.

Gunnhildur setti fund og bauð fundarmenn velkomna og spurði um hugmyndir að dagskrá varðandi heilsuvikuna. Rætt var um fá heilsufræðing til að koma vestur en eftir er að ákveða betur með tíman.

Þá var rætt um næringarfræði fyrir eldri borgara, sund og fleira þeim tengt. Ungmennaráðsfélagi nefndi að þeir væru til í að auka samskipti eldri og yngri borgara ma með spilakvöldum og fl.

Einnig var rætt um að fá verslanir, fyrirtæki og stofnanir í Snæfellsbæ að taka þátt í heilsuvikunni.

Líka var rætt um sem verkefni að nauðsynlegt væri að vinna að forvörnum á heimilum í Snæfellsbæ ss brunavarnir, slysavarnir, tryggingar og fleira en gera þarf meira í þessum málum til að auka þar öryggi.

Fundi slitið kl 21,00

Fundarritari: Pétur Steinar

Menningarnefnd Snæfellsbæjar

181.fundur

Þriðjudagur 19.febrúar 2019 kl. 12:00 – 13:00 Veitingarstaðurinn Hraunið, Ólafsvík.

Fundinn sátu: Erla Gunnlaugsdóttir, Einar Magnús Gunnlaugsson, Jón Kristinn Ámundsson, Ragnheiður Víglundsdóttir og Rut Ragnarsdóttir.

Fundagerð ritaði Rut Ragnarsdóttir.

Dagskrá:

**Málefni handverkshóps og Pakkhúss.**

*Rut víkur affundi og Ragnheiður tekur við fundarskrifum.*

Menningarnefnd ítrekar að handverkshópur er og hefur ekki verið á vegum Menningarnefndar.

#### **Viðburðir í Snæfellsbæ**

*Rut kemur aftur inn á fund og tekur við fundarskrifum.*

Ákveðið að bera hugmyndina Matarauður Snæfellsbæjar undir Ragnhildi hjá Svæðisgarðinum og fá hennar álit og hugmyndir.

Vetrarhátíð í Snæfellsbæ 2019. Hugmynd að halda hátið næsta veturn sem tileinkuð er fjölskyldu&menningu.

#### **Val á jólahús Snæfellsbæjar**

Nefndin hefur tekið ákvörðun um breytt fyrirkomulag á kosningu vegna Jólahús Snæfellsbæjar. Nefndin mun velja fimm hús og í framhaldi verður rafræn kosning þar sem bæjarbúar velja Jólahúsið 2019.

Ákveðið er að veita Kristjáni Helgasyni styrk kr. 100.000,- vegna vinnu hans við söfnun fréttá í Snæfellsbæ sem varðveitt er í Átthagastofu.

Ekki fleira rætt - fundi slitið kl. 13:00

## Fundargerð

122. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar,  
Ráðhúsi Snæfellsbæjar, 25. janúar 2019 - kl. 11:00

Samráðsfundur umhverfis- og skipulagsnefndar og helstu þjónustuaðila Arnarstapa vegna skipulagsmála á Arnarstapa.

### **Mættir voru:**

Auður Kjartansdóttir, Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Kjartan Kjartansson, Ingunn Þóra Jóhannesdóttir, Jóhannes Ólafsson, Kjartan Sigurbjartsson, Ólafur Sólmundsson, Helga Birkisdóttir, Magnús Eiríksson, Drífa Skúladóttir, Kristinn Jónasson, Davíð Viðarsson, Ásdís Lilja Pétursdóttir, Selma Björk Reynisdóttir, Hildigunnur Haraldsdóttir.

Kristinn byrjaði á því að bjóða alla velkomna á þennan kynningar og samráðsfund.

- Hildigunnur: Rennt yfir glærusýningu (Frumdrög deiliskipulags á Arnarstapa – umferð og þjónusta)
- Umræður sköpuðust um almenningssalerni, rekstur söluvagna ofl.
- Umræður sköpuðust um bílastæðamál.
- Óánaðga var af hálfu rekstraraðila fasteigna um þann kostnaðarmismun sem er á rekstri söluvagna án fasteignagjalda annars vegar og fasteigna í rekstri hins vegar.
- Kristinn: Sveitarfélagið hefur tekið ákvörðun um að það eigi að vera áfram fjölbreytt þjónusta, þ.e. bjóða áfram upp á stöðuleyfi fyrir söluvagna ásamt hinu sem fyrir er. Þar er í fyrsta sæti hugsað um ferðamenn sem koma á staðinn og í öðru sæti rekstraraðilana sem reka þjónustu á svæðinu. Reynt er að finna lausn á svæðinu sem flestir verða sáttir við og þess vegna er m.a. boðað til þessa fundar.
- Helga Birkisdóttir: spyr hvort sveitarfélagið vilji ekki fá útsvar og önnur gjöld frá rekstri sem fyrir er því ef það er ákvörðun sveitarfélagsins að halda vögnunum muni fyrirtækið hennar og starfsmenn verða skráð í Grundarfirði.
- Fram fóru ákáfar umræður sem þróuðust í æsing
- Kristinn: Fólk hlýtur að meta hvort tækifæri eru til uppbyggingar viðskipta á staðnum. Maður byggir varla upp þar sem engin tækifæri eru til arðbærni. Hann er orðinn leiður á svona hótunum og leggur áherslu á að hagsmunaaðilar verið að standa saman og koma til móts við hvern annað → ekki vinna með hótunum → því fleiri ferðamenn sem koma á svæðið → því meiri þjónusta → því betra fyrir alla.
- Helga: segir að söluvagnar fari ekki eftir reglum t.d. varðandi rusl. Hún hefur séð rekstraraðila söluvagna henda í annarra gáma og fengið viðskiptavini söluvagna til sín sem þurfa að nota salerni, sem var bent á salerni hjá henni.
- Þessu voru rekstraraðilar söluvagna ósammála og sögðust hvorki henda rusli í annarra gáma, né vísa fólk á annarra salerni.
- Auður Kjartansdóttir: Finnst miður að heyra hvernig umræðan er, hótanir og leiðindi milli aðila. Vill að reynt verði að finna sáttarlausn því það er tilgangur þess fundar og vilji bæjarfélagsins era ð hafa gott samstarf.
- Kjartan Kjartansson: Málið snýst um hvernig ferðamenn upplifi svæðið → því meiri þjónusta, því meiri/betri heildarupplifun ferðamannsins. Salerni, ruslafötur ofl. stór þáttur í því (grunnþarfir). Það þarf að setja stórt skilti ofan við Stapa með upplýsingum

um alla þá þjónustu sem í boði er svæðinu – fá bílana sem keyra fram hjá afleggjaranum niður á Stapa.

- Halldór: Allir ættu að vinna saman. Tekur undir með Kristni, þurfum að finna lausn sem flestir eru sáttir við.
- Kjartan Sigurbjartsson: Erum í samkeppni við vagnana → kostnaði er mjög misskipt í rekstri hjá hótelrekstraraðilum miðað við vagnana. Fyrst stefna bæjarfélagsins er að halda stöðuleyfum áfram hafa þeir í hyggju að hætta við fyrirhugaða frekari uppybyggingu af sinni hálfu á svæðinu og færa hana annað.
- Kristinn: Er orðinn leiður á að hlusta á hótanir um að færa þetta eða hætta við þetta ef rekstraraðilar fá ekki að hafa svæðið eins og þeir vilja eða ráða hverjir fá að hafa rekstur á svæðinu. Ef núverandi rekstraraðilar sjá ekki hag sinn í að byggja og/eða reka þjónustu á svæðinu, þá að sjálfsögðu gera þeir það ekki – þá koma bara aðrir sem gera það. Við hugsum aðallega um ferðamanninn og hans upplifun á umhverfi og þjónustu. Það er fullur skilningur á að ef rekstraraðilar sjá hag sinn í að byggja upp annars staðar, þá geri þeir það.
- Drifa: Bendir á að toppur þjónustu er yfir sumarið og ekki eru allir sáttir við að folk fái að reka þjónustu einungis á þeim tíma. Hennar skoðun er að tími vagna sé liðinn, það sé líka hægt að selja vörur sínar út um glugga húsa. Hún þekkir hvernig er að standa í svona rekstri. Breyttur tími er síðan ákveðið var að bjóða upp á stöðuleyfi því á þeim tíma var engin/léleg þjónusta á svæðinu en nú er staðan önnur. En fyrst bæjarfélagið er búið að taka ákvörðun um að bjóða upp á stöðuleyfi áfram, verðum við að vinna saman að því að finna hentuga staðsetningu fyrir vagnana.
- Hildigunnur: Vill meina að staðirnir og vagnarnir séu ekki að keppa um sömu viðskiptavini. Sumir vilja stoppa stutt. Finnst í lagi að fólk borgi fyrir salernisnotkun.
- Kristinn: Í Ólafsvík um síðustu jól ætlaði veitingahús að hafa opið á milli kl. 11-14 en endaði með að hafa opið á milli 11-22. Léleg þjónusta var á Arnarstapa árið 2016, þess vegna voru stöðuleyfisvagnar leyfðir þar.
- Kjartan Sigurbjartsson: Þeir hafa skoðað utanumhald við að rukka inn á salerni, en það gengur ekki upp.
- Ingunn Þóra: Aðrir komnir með sama matseðil og þau, sem sagt fish & chips, sorglegt. Þau hafa verið að reyna að gera ýmislegt til að bæta og betra rekstrarumhverfið hjá sér í kringum vagninn, sækja um en fá alltaf synjanir. Hún finnur að aðrir á staðnum vilja þau burtu. Bendir á ýmislegt sem er mismunandi á vögnum og öðrum rekstri t.d. t.d. skorður á tímanum sem þeir eru leyfilegir. Eru eingöngu með Íslendinga í vinnu sem kunna sögur Snæfellsbæjar.
- Kjartan Sigurbjartsson: Vill ekki rekstur vagna í burtu heldur vill hann að þau reki sig sig í fasteign.
- Kristinn: Sýnir myndir af bílastæðum við Dynjanda, Arnarfirði. Vilji er til að gera sambærilegt við Bárð.
- Hildigunnur: Sýnir tillögurnar aftur.
  - Tillaga 2 – Vagnar skyggja á félagsheimilið og tillagan kallar á ýmsar framkvæmdir
  - Tillaga 2b – vagnar eins og í 2, en lóðum við Fellaslóð breytt. Tillögur 2 og 2b styrkja núverandi þjónustukjarna,
  - Tillaga 3 – vagnar nærri bensínstöð, er að hennar mati skipulagslega lang best. Kjartani Sigurbjartssyni finnst hún of nálægt reit þjónustuhúss tjaldsvæðis.
  - Tillaga 3a – aðeins rýmri en tillage 3. Þær myndu báðar auka umferf gesta á tjaldstæði í vagnana og styrkja báðar þjónustukjarnann.

- Tillaga 4 - er frekar þróng en mun líklega lægja stærstu stormana varðandi vagnana. Tillagan styrkir ekki núverandi þjónustukjarna en dregur umferð nær Búð og Eyri, þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu í aðalskipulagi.
- Kjartan Kjartansson: Bendir á að það vanti hraðahindranir og gangbrautir á svæðinu.
- Kristinn: Bæjarfélagið mun fara í að kaupa 3 eyjur og setja upp fyrir 1. júní. Ein verður sett upp ofan við Bárð, ein á milli og ein nærri Búð. Nota má eyjur eins og eru í Ólafsvík, þær virka þar. Spurning um að mála gagbrautir við þessar hraðahindranir einnig. Óskar jafnframt eftir samráði við alla aðila á svæðinu svo það takist sem best
- Kjartan Kjartansson: Vegna stórra bíla þurfa þær að vera settar á ská.
- Hildigunnur Haraldsdóttir: Getum við komist að sameiginlegri niðurstöðu um tillögurnar?
- Fólk var sammála um að fá tillögur umferðarskipulags sendar í tölvupósti til umhugsunar. Æskilegt að folk komi með tillögur um það sem betur mætti fara.
- Helga: Er hægt að fara í samvinnu við Vegagerðina til að láta laga veginn?
- Umræður um staðsetningu bílastæða við Bárð.
- Helga: Grjótið við Samkomuhúsið – einhverjar ráðstafanir með það. Veit um nokkur tjón á bílum vegna þeirra.
- Kjartan Sigurbjartsson: Ábending um að færa bílastæði Bárðar hinum megin við veginn (gónguleiðin er tenging hvort eð er).
- Tekið var undir að færa bílastæði aðein frá Bárði miðað við tillögur, en þau verði líklega sunnan við Arnarstapaveg vegna þeirra sem eiga erfitt með gang.
- Helga: Þörf á að merkja betur bílastæði.
- Kjartan Sigurbjartsson: Fækka grjótum við Samkomuhúsið
- Helga: Umraða við Vegagerðina um að lagfæra Arnarstapaveg?
- Kjartan Kjartansson: Vegurinn annar alveg svæðinu, en hraðinn er vandamálið.
- Spurning hvort Vegagerðin geti mælt hraðann í nokkra daga til að fá yfirsýn yfir hann.
- Helga: Á að laga vegi að bústöðum?
- Kristinn: Nei, það er ekki á fjárhagsáætlun þetta árið.
- Kjartan Kjartansson: Hvenær koma almennингssalerni?
- Kristinn: Það koma salerni við afleggjarann niður á Djúpalón í sumar sem Þjóðgarðurinn mun setja upp og reka, en annað er ekki ákveðið hjá Snæfellsbæ.
- Drífa: Hægt að setja skilti á einhverja staði um hvor séu salerni og hversu langt sé í þau.

Önnur umræða í lokin: Á að setja upp salernishús óháð öllu öðru (vögnum ofl.)? Staðsetning? Ruslafötur?

- Kristinn benti á þá stefnu Umhverfisstofnunar að í þjóðgarði verði ekki ruslafötur. Mikilvægt að ferðamenn læri að ganga vel um kostnaðarsamt er að hreinsa sorpílat.

Fleira ekki gert og samráðsfundi slitið kl. 12:57

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Drífa Skúladóttir Svanur  
Tómasson Auður Kjartansdóttir  
Halldór Kristinsson Illugi Jens  
Jónasson Ásdís Lilja Pétursdóttir  
Davíð Viðarsson Magnús  
Eiríksson

**Umhverfis- og skipulagsnefnd - 123123. fundur umhverfis- og  
skipulagsnefndar  
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, 1. febrúar 2019  
og hófst hann kl. 09:15.**

## Fundinn sátu:

Drífa Skúladóttir, Svanur Tómasson, Auður Kjartansdóttir, Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Ásdís Lilja Pétursdóttir, Davíð Viðarsson og Magnús Eiríksson.

**Fundargerð ritaði:** Ásdís Lilja Pétursdóttir, Aðstoðarmaður byggingarfulltrúa.

## Dagskrá:

### 2. Múslaslóð 8\_Guðni Þ. Svavarsson og Margrét E. Ólafsdóttir sækja um lóð - 1901003

Guðni Þ. Svavarsson og Margrét E. Ólafsdóttir sækja um úthlutun lóðar að Múslaslóð 8. Áður sóttu þau um Sölvasklóð 12, en henni hafði þegar verið úthlutað

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir lóðarúthlutun.*

### 3. Tröð 2\_reyndarteikningar til samþykktar - 1901005

Hörður Karlsson sendi inn reyndarteikningar af Tröð 2, til samþykktar

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir reyndarteikningar.*

### 4. Ólafsbraut 66\_umsókn um byggingarleyfi fyrir sólpalli og skýli fyrir heitan pott - 1712003

Tekið fyrir að nýju. Víðir Haraldsson sótti um byggingarleyfi þann 22.12.2017 fyrir sópall/svölum á efri hæð hússins auk þess að byggja um 7,8 fm. skýli við húsið fyrir heitan pott.

Umhverfis- og skipulagsnefnd tók erindið fyrir þann 29. desember 2017 og frestaði erindinu þar til öll tilskilin gögn hefðu borist.

Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar tekur málið nú upp að nýju. Teikningar hafa borist en skráningartöflu, uppáskrift byggingarstjóra og starfsábyrgðartryggingu vantar.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd hefur ákveðið að gefa eiganda frest til 20. mars 2019 til að skila þeim gögnum sem vantar. Umhverfis- og skipulagsnefnd mun í framhaldi taka til afgreiðslu tillögu um beitingu dagsekta, verði ekkert aðhafst.*

### 5. Sölvasklóð 1\_byggingarleyfi f.105m2 hús (BN 78) - 1306022

Tekið fyrir að nýju. Byggingarfulltrúi leggur fyrir nefndina tillögur að lausnum er varðar byggingarleyfi á Sölvasklóð 1.

77  
Hk Au

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

*Umhverfis- og skipulagsnefnd felur byggingarfulltrúa og formanni nefndarinnar að ræða við eigendur um lausn málsins.*

## 6. Arnarstapi - Hellnar\_vatnsöflun - 1901004

Snæfellsbær sækir um framkvæmdaleyfi fyrir vatnsbóli/lagnaleið. Ætlunin er að hefja vinnu við vatnsöflun fyrir Arnarstapa og Hellnar. Á svæðinu undir Smálækjarhlíð verður fyrst athugað hvort hægt sé að safna vatni og vatnið sé hæft til neyslu með mælingum. Lagnaleið verði síðan frá vatnsbóli að vatnsbóli, Arnarstapa ca. 2,7 km.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

## 1. Fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar - 1901001

Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar leggur fram fundargerð síðasta fundar nefndarinnar, BN. 122, fyrir nefndina til samþykktar. Einnig verður tekið fyrir bréf frá Helgu Birkisdóttur sem barst nefndinni varðandi samráðsfundinn.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir fundargerðina.*

*Umhverfis- og skipulagsnefnd tók fyrir erindi Helgu Birkisdóttur og erindinu var svarað.*

## 7. Umhverfisstofnun\_Til kynningar - ósk eftir tilnefningu í umhverfis-eða náttúruverndarnefndar - 1901002

Til kynningar\_Umhverfisstofnun óskar eftir að sveitarfélagið Snæfellsbær tilnefni fulltrúa umhverfis- eða náttúruverndarnefndar í vatnasvæðanefnd í samræmi við lög nr. 36/2011 og reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála

*Umhverfis- og skipulagsnefnd var kynnt erindið.*

## 8. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2019 - 1901006

- Sorpmál: Byggingarfulltrúi kynnir fyrir nefndinni endurvinnslu- og sorptölur frá Snæfellsbæ á tímabilinu 2014-2018

*Umhverfis- og skipulagsnefnd voru kynntar sorptölur og málin rædd. Áhugi er fyrir að fá kynningu frá fagaðilum sorpmála.*

## 9. auglýsing um umferð í Snæfellsbæ - 1901007

Tæknideild Snæfellsbæjar leggur fyrir gögn er varða auglýsingu um umferð í Snæfellsbæ. Óskað er eftir samþykki fyrir auglýsingunni og að hún verði auglýst skv. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir auglýsinguna.*

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:47.

Halla K.H.  
Ásthildur Kjartansdóttir  
Fellugr Jóni Þorvaldsson  
S. Lda.



## FÉLAGS- OG SKÓLAPJÓNUSTA SNÆFELLINGA

Félagsmálanefnd Snæfellinga

Fundargerð 179. fundar Opinber útgáfa

**Fundarstaður:** Fundarsalur Ráðhúss Snæfellsbæjar, Hellissandi

**Dagsetning:** þriðjudaginn 12. febrúar, 2019

**Fundartími:** Kl. 16:30

**Mættir:** Sigrún Þórðardóttir, Berghildar Pálmadóttir, Birta Antonsdóttir var forfölluð sem og varamaður hennar, Hildur Lára Diego; Ragnheiður Harpa Sveinsdóttir, Guðrún Kristinsdóttir, ennfremur starfsmenn FSS, Ingveldur Eyþórsdóttir félagsráðgjafi og Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður

**Dagskrá:**

**Meðferð máls**

1. Berghildur Pálmadóttir, formaður, setti fund og stýrði.  
**kynning – umræða**
2. **Trúnaðarmál, skv. lögum um barnavernd**  
- Fært í trúnaðarbók félagsmálanefndar  
**kynning – umræða**
3. **Úrskurður félagsmálanefndar Snæfellinga**  
- Fært í trúnaðarbók félagsmálanefndar  
**kynning – umræða**
4. **Félagsþjónustumálefni**  
a) **Fjárhagsaðstoð**  
Frá síðasta fundi þann 4. desember til þessa dags sl. hafa 9 umsóknir verið samþykktar og 2 hafnað. Alls hafa 6 einstaklingar fengið fjárhagsaðstoð á tímabilinu.  
b) **Sérstakur húsnaðisstuðningur**  
Þann 31. janúar sl.. fengu alls 16 einstaklingar sérstakan húsnaðisstuðning á þjónustusvæði FSS.  
c) **Félagsleg heimaþjónusta**  
Í dag njóta samtals 103 heimili félagslegrar heimaþjónustu FSS hjá eftirfarandi aðildarsveitarfélögum: Stykkishólmsbær (46), Grundarfjarðarbær (27), Snæfellsbær (30)  
Alls eru stöðugildi starfsmanna 5.95
5. **Málefni þjónustu við fólk með fötlun**
  - a) Byggingu nýs húsnaðis Ásbyrgis í Stykkishólmi miðar vel. Stefnt er að afhendingu hússins í vor.
  - b) Starfseflingarnámskeið stjórnenda og starfsmanna allra 3ja dagþjónustu- og hæfingarstöðvanna fer fram í Stykkishólmi þann 5. apríl n.k.
  - c) Senn hefst frekari undirbúningur að byggingu þjónustuúbúða í Ólafsvík. Stofnaður hefur verið nýr samráðshópur stjórnar og forstöðumanns FSS um verkefnið.

- 
- d) Nú á vormánuðum fer fram gæðaúttekt á starfsemi beggja deilda Ásbyrgis og Smiðjunnar.
  - e) Þjónusturáð Vesturlands verður síðar á árinu lagt niður í núverandi mynd. Hvert félagsþjónustusvæði Vesturlands verður fjárhags- og stjórnunarlega sjálfstætt. Á þessum vettvangi verður hins vegar stefnt er stofnun sérstaks samstarf- og fageflingarvettvangs starfsfólks félagsþjónustu og barnaverndar á Vesturlandi.

## 6. Skólaþjónustumálefni *kynning – umræða*

- a) Nýlokið er starfseflingarnámskeiði Ólafsvík, fyrir matráða leikskólanna á Snæfellsnesi
- b) Starfseflingarnámskeið leikskólastjórnenda fer fram í Grundarfjarðarbæ föstudaginn 12. apríl n.k.
- c) Undirbúningur er hafinn að 3. „Skólamálaþingi snæfellskra skólastofnana“ sem haldið verður á haust
- d) FSS og skólarnir undirbúa nú lokahátíð „Stóru Upplestrarképpni 7. bekkja grunnskólanna“. Hún fer fram í Grundarfjarðarkirkju þann 14. mars n.k.
- e) Starfshópur FSS, grunnskólanna og Fjölbraudaskóla Snæfellingar vinnur nú að gerð samræmdra verkferla um undirbúning nemenda 10. bekkjar, ráðgjöf og leiðsögn við flutning nemenda frá grunnskóla í framhaldsskóla.
- f) Líkt og sl. ár er stefnt að ráðningu talmeinafræðings til starfa hjá FSS frá og með næsta hausti.

## 7. Önnur mál

- a) Stöðugildi félagsráðgjafa verður að nýju auglýst laust til umsóknar í júlí. Bryna Mjöll Ólafsdóttir, verkefnastjóri Símenntunar Vesturlands, hefur verið ráðin tímabundið í 50 % stg. ráðgjafa FSS.
- b) Rætt um starfsmannamál
- c) Næsti fundur félagsmálanefndar , nr. 180, verður haldinn í fundarsal Ráðhúss Grundarfjarðarbæjar þriðjudaginn 5. mars n.k. og hefst hann kl. 16.30

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 18.55

Fundarritari: Sveinn Þór Elinbergsson



## FÉLAGS- OG SKÓLAPJÓNUSTA SNÆFELLINGA

---

## **Fundargerð 867. fundar**

### **stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Árið 2019, föstudaginn 25. janúar kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmsdóttir, Þórdís Lóa Pórhallsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Gunnar Einarsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Rakel Óskarsdóttir, Bjarni Jónsson, Kristján Þór Magnússon, Jón Björn Hákonarson (í fjarfundarbúnaði) og Ásgerður Kristín Gylfadóttir.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri, Anna G. Björnsdóttir sviðsstjóri, Guðjón Bragason sviðsstjóri, Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri, Sigurður Ármann Snævarr sviðsstjóri og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

#### **1. Fundargerð 866. fundar - 1710022SA**

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 866. fundar stjórnar sambandsins frá 14. desember 2018.

Fundargerðin var staðfest og undirrituð.

#### **2. Fundir Jónsmessunefndar - 1901041SA**

Lögð fram fundargerð samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 17. janúar 2019. Einnig lagt fram vegna 1. liðar fundargerðarinnar, yfirlit um stöðu sameiginlegra verkefna ríkis og sveitarfélaga skv. 6. gr. samkomulags aðila frá 6. apríl 2018, á grundvelli laga um opinber fjármál, dags. 14. janúar 2014, tillaga samráðsnefndar vegna 2. liðar fundargerðarinnar, um fyrirkomulag talmeinaþjónustu við skólabörn, dags. 16. janúar 2019, og útdráttur vegna 4. liðar fundargerðarinnar, um sjálfbærni fjármála sveitarfélaga, dags. 11. janúar 2019.

Framkvæmdastjóra falið að taka saman yfirlit um niðurstöðu kostnaðarmats lagafrumvarpa og stjórnvaldsfyrirmæla undanfarin fimm ár.

#### **3. Skólamálaneftnd sambandsins - 1810078SA**

Lögð fram fundargerð 117. fundar skólamálaneftndar sambandsins frá 9. janúar 2019. Einnig lögð fram vegna 2. liðar fundargerðarinnar, drög að erindisbréfi skólamálaneftndar, dags. 4. janúar 2019.

Erindisbréf nefndarinnar samþykkt með þeirri breytingu að nafni nefndarinnar verður breytt í fræðslumálaneftnd.

Eyþór Laxdal Arnalds kom inn á fundinn kl. 12:45.

#### **4. Félagsþjónustunefnd sambandsins - 1810074SA**

Lögð fram fundargerð 43. fundar félagsþjónustunefndar sambandsins frá 9. janúar 2019. Einnig lögð fram vegna 1. liðar fundargerðarinnar, drög að erindisbréfi félagsþjónustunefndar, dags. 4. janúar 2019.

Erindisbréf félagsþjónustunefndar samþykkt. Samþykkt var að sambandið skipi vinnuhóp til þess að semja leiðbeiningar sem sveitarfélög hafi til hliðsjónar við gerð sinna eigin reglna um notendastýrða persónulega aðstoð og stuðningsþjónustu. Leitað verði eftir þátttöku félagsmálaráðuneytisins um þátttöku í vinnuhópnum. Jafnframt verði haft samráð við hagsmunasamtök fatlaðs fólks um efni leiðbeininganna.

#### **5. Siðanefnd sambandsins - 1801019SA**

Lagðar fram fundargerðir 14., 15., 16., 17. og 18. fundar siðanefndar sambandsins frá 21. júní, 8. október, 2. nóvember og 14. desember 2018 og 21. janúar 2019.

Samþykkt að fá siðnefndina og lögfræðinga sambandsins, sem komu að gerð málsméðferðarreglna nefndarinnar, inn á næsta stjórnarfund til að ræða hugsanlegar breytingar á reglunum.

Heiða Björg Hilmisdóttir vék af fundi kl. 13:45

#### **6. Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga 2018 - 1812001SA**

Lögð fram drög að ársreikningi Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2018. Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins gerðu grein fyrir reikningnum.

Stjórн sambandsins samþykkir að vísa ársreikningi sambandsins fyrir árið 2018 til endurskoðunar hjá löggiltum endurskoðanda sambandsins. Afgreiðslu ársreikningsins er frestað til næsta fundar.

#### **7. Ársreikningur Bakhjarls sambandsins 2018 - 1812002SA**

Lögð fram drög að ársreikningi Bakhjarls sambandsins fyrir árið 2018. Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins gerðu grein fyrir reikningnum.

Stjórн sambandsins samþykkir að vísa ársreikningi Bakhjarls sambandsins fyrir árið 2018 til endurskoðunar hjá löggiltum endurskoðanda sambandsins. Afgreiðslu ársreikningsins er frestað til næsta fundar.

#### **8. Fjárhagsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2019 - 1811017SA**

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 2019, ásamt greinargerð. Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins gerðu grein fyrir áætluninni

Stjórн sambandsins samþykkir tillögu að fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 2019.

**9. Fjárhagsáætlun Bakhjarls sambandsins 2019 - 1811019SA**

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun Bakhjarls sambandsins fyrir árið 2019, ásamt greinargerð. Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins gerðu grein fyrir áætluninni.

*Stjórn sambandsins samþykkir tillögu að fjárhagsáætlun Bakhjarls sambandsins fyrir árið 2019.*

**10. Ábendingar til starfshóps um gerð orkustefnu - 1812032SA**

Lögð fram drög að bréfi sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 21. janúar 2019, um ábendingar til starfshóps um gerð orkustefnu.

Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs gerði grein fyrir erindinu og svaraði spurningum stjórnarmanna. Mikil umræða varð um málið og komu fram gagnlegar ábendingar sem færðar verða inn í skjalið, m.a. um þörf fyrir að tryggja raforkuöryggi og um þörf fyrir að jafna húshitunarkostnað enn frekar. Að loknum lagfæringum verður skjalið sent til starfshóps um gerð orkustefnu og munu fulltrúar sambandsins gera nánari grein fyrir skjalini á fundi með starfshópnum 8. febrúar nk. Þar munu fulltrúar sambandsins jafnframt óska eftir frekari aðkomu að vinnu starfshópsins.

Kristján Þór Magnússon og Þórdís Lóa Þórhallsdóttir véku af fundi kl. 14:45, undir lið 11.

**11. Niðurstöður átakshóps um aukið framboð á íbúðum og aðrar aðgerðir til að bæta stöðu á húsnæðismarkaði - 1812018SA**

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 21. janúar 2019, um lögfræðileg álitaefni varðandi 5% reglu í tillögum átakshóps um aukið framboð á íbúðum og aðrar aðgerðir til að bæta stöðu á húsnæðismarkaði, ásamt fylgiskjali. Einnig lagðar fram niðurstöðum átakshópsins, dags. 19. janúar 2019.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga lýsir ánægju með framkomnar niðurstöður átakshóps um aukið framboð á íbúðum og aðrar aðgerðir til að bæta stöðu á húsnæðismarkaði. Stjórnin leggur áherslu á að fulltrúar sveitarfélaga taki beinan þátt í mótu á utfærslum og framfylgd niðurstaðnanna og hvetur til þess að komið verði á markvissu samstarfi stjórnvalda og helstu haghafa um úrbætur í húsnæðismálum á grundvelli niðurstaðna átakshópsins. Lögð er áhersla á að útfærslur verði einfaldar í framkvæmd, að þær falli vel að þeim lagaramma sem sveitarfélög starfa eftir og að framkvæmd verði ekki of íþyngjandi fyrir sveitarfélög.

Eyþór Laxdal Arnalds vék af fundi kl. 15:05.

**12. Landsþing sambandsins 2019 - 1811034SA**

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra og sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, dags. 21. janúar 2019, um XXXIII. landsþing sambandsins.

Framkvæmdastjóra falið, ásamt starfsmönnum sambandsins, að vinna að undirbúningi landsþingsins á grundvelli þeirrar umræðu sem fram fór á fundinum og leggja fram drög að dagskrá á næsta fundi.

**13. Fundur með Pjóðskjalasafni Íslands um starfsemi héraðsskjalasafna - 1901004SA**

Lagt fram minnisblað Bryndísar Gunnlaugsdóttur, lögfræðings á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, dags. 14. janúar 2019, frá fundi fulltrúa sambandsins með fulltrúum Pjóðskjalasafns Íslands. Einnig lagt fram bréf Pjóðskjalasafns Íslands, dags. 18. desember 2018, ásamt heildarskýrslu um starfsemi héraðsskjalasafna, dags. í desember 2018.

Samþykkt að taka málið aftur til umfjöllunar þegar úrbótaáætlanir héraðsskjalasafna liggja fyrir.

**14. Gjaldtökuheimildir fyrir slökkvilið - 1812028SA**

Lagt fram minnisblað Vigdísar Häsler Sveinsdóttur, lögfræðings á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, dags. 22. janúar 2019, um gjaldtökuheimildir fyrir slökkvilið - breytingar á starfsumhverfi slökkviliða, ásamt bréfi slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., dags. 7. desember 2018, um málið.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkir að skipa starfshóp til að móta tillögur um leiðir til þess að bæta rekstrarumhverfi slökkviliða. Í vinnu starfshópsins verði m.a. greind áhrif nýrrar reglugerðar um starfsemi slökkviliða á útgjöld þeirra, fjallað um leiðir til að breikka tekjugrunn slökkviliða vegna stjórnsýsluverkefna og verkefna á vettvangi umferðarslysa. Formanni og framkvæmdastjóra er falið að gera tillögu um skipan starfshópsins ásamt nánari lýsingu á verkefni hans, fyrir næsta fund stjórnarinnar.

**15. Innleiðing starfsmats BHM - 1608003SA**

Lagt fram sem trúnaðarmál minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 23. janúar 2019, um innleiðingu starfsmats á störfum félagsmanna aðildarfélaga BHM.

Samþykkt að heimila þá útfærslu sem kynnt var á fundinum.

**16. Tilnefning í starfshóp til að undirbúa norræna ráðstefnu um geðheilbrigðismál - 1811029SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 18. desember 2018, þar sem Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd í starfshóp til að undirbúa norræna ráðstefnu um geðheilbrigðismál.

**17. Tilnefning í samráðshóp um þing barna 2019 - 1812034SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umboðsmanns barna, dags. 31. desember 2018, þar sem Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd í samráðshóp um þing barna 2019.

**18. Tilnefning í samráðsnefnd til að fylgjast með framkvæmd samkomulags um stuðning við tónlistarnám - 1901003SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 3. janúar 2019, þar sem Sigfríður Björnsdóttir, deildarstjóri listfræðslu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, og Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, eru tilnefnd í samráðsnefnd sem hefur það hlutverk að fylgjast með framkvæmd samkomulags um stuðning við tónlistarnám.

**19. Tilnefning í starfshóp til að finna leiðir til skattlagningar á mannvirki sem framleiða og flytja orku - 1901002SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 3. janúar 2019, þar sem Sigurður Á. Snævarr, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs sambandsins, er tilnefndur í starfshóp til að finna leiðir til skattlagningar á mannvirki sem framleiða og flytja orku.

**20. Tilnefning í Æskulýðsráð - 1812022SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 4. janúar 2019, þar sem G. Linda Udengard, framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs Mosfellsbæjar, og Guðmundur Ari Sigurjónsson, bæjarfulltrúi í Seltjarnarnesbæ, eru tilnefnd í Æskulýðsráð.

**21. Tilnefning í stjórn Húsnaðismálasjóðs - 1812035SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 7. janúar 2019, þar sem Björg Björnsdóttir, bæjarfulltrúi í Fljótsdalshéraði, er tilnefnd í stjórn Húsnaðismálasjóðs.

**22. Tilnefning í stjórn Fræðslusjóðs - 1812007SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 9. janúar 2019, þar sem Margrét Sigurðardóttir, sérfræðingur á kjarasviði sambandsins, er tilnefnd til áframhaldandi setu í stjórn Fræðslusjóðs, og Elín Valgerður Margrétardóttir, sérfræðingur hjá kjarasviði sambandsins í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, til vara.

**23. Tilnefning í vinnuhóp GEF vegna nýrra gæðaviðmiða í þjónustu við fatlað fólk - 1901030SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar, dags. 17. janúar 2019, þar sem Sigurbjörg Fjölnisdóttir, deildarstjóri skrifstofu um málefni fatlaðs fólks á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, er tilnefnd í vinnuhóp Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar vegna nýrra gæðaviðmiða í þjónustu við fatlað fólk.

**24. Tilnefning í kirkjugarðaráð - 1901040SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Biskupsstofu, dags. 21. janúar 2019, þar sem Valtýr Valtysson, sveitarstjóri Ásahrepps, er tilnefndur til áframhaldandi setu sem aðalmaður í kirkjugarðaráði, og er Margrét Jónsdóttir, bóndi á Syðri-Völlum, og sveitarstjórnarfulltrúi í Flóahreppi, tilnefnd til áframhaldandi setu sem varamaður.

**25. Umsögn um kerfisáætlun Landsnets - 1811059SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til Landsnets hf., dags. 18. desember 2018, um kerfisáætlun Landsnets 2019-2028 - Verkefnis- og matslýsing.

**26. Umsögn um Heilbrigðisstefnu til ársins 2030 - 1812030SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 19. desember 2018, um Heilbrigðisstefnu - Stefna fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til ársins 2030.

**27. Umsögn um greiningu tækifæra með stofnun þjóðgarðs á miðhálendi Íslands - 1803004SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 28. desember 2018, um greiningu tækifæra með stofnun þjóðgarðs á miðhálendi Íslands.

**28. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðisbætur - réttur námsmanna og fatlaðs fólk - 1811057SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 3. janúar 2019, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðisbætur, nr. 75/2016, með síðari breytingum (réttur námsmanna og fatlaðs fólks), 140. mál.

**29. Umsögn um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um flutning og sleppingar laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og löndun laxastofna og breytingu á reglugerð um fiskeldi - 1812040SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 3. janúar 2019, um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 105/2000 um flutning og sleppingar laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og löndun laxastofna og breytingu á reglugerð nr. 1170/2017 um fiskeldi.

**30. Umsögn um drög að frumvarpi um gjald vegna nýtingar eldissvæða í sjó - 1901019SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 9. janúar 2019, um drög að frumvarpi til laga um gjald vegna nýtingar eldissvæða í sjó.

**31. Umsögn um tillögur til þingsályktunar um stefnu í fjarskiptum 2019-2033 og um fimm ára fjárskiptaáætlun 2019-2023 - 1812039SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 9. janúar 2019, um tillögu til þingsályktun um stefnu í fjarskiptum 2019-2033 og fimm ára fjárskiptaáætlun 2019-2023, 403. og 404. mál.

**32. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi - 1901005SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 11. janúar 2019, um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi.

**33. Umsögn um frumvarp til laga um samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs - 1901015SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 14. janúar 2019, um frumvarp til laga um samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs, 417. mál.

**34. Umsögn um drög að reglugerð um framlög jöfnunarsjóðs vegna þjónustu við fatlað fólk 2019 - 1901024SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 9. janúar 2019, um drög að reglugerð um framlög jöfnunarsjóðs vegna þjónustu við fatlað fólk 2019, ásamt yfirliti um útgjöld vegna NPA-samninga 2016-2019.

**35. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi - 1901028SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til nefndasviðs Alþingis, dags. 18. janúar 2019, um tillögu til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi, 443. mál.

**36. Uppgjör vegna A-deilda Brúar lífeyrissjóðs - 1605150SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 17. desember 2018, um uppgjör vegna A-deilda Brúar samkvæmt 5. gr. samnings ríkissjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 19. september 2016.

**37. Fundur stefnumótandi nefndar CEMR í Ludwigsburg - 1608015SA**

Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 18. janúar 2019, um fund stefnumótandi nefndar CEMR í Ludwigsburg, Þýskalandi 10.-11. desember 2018, ásamt fylgiskjölum.

**38. Fundur EES EFTA Sveitarstjórnarvettvangsins - 1602003SA**

Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins og forstöðumanns Brusselskrifstofu, dags. 21. janúar 2019, um 18. fund EES EFTA Sveitarstjórnarvettvangsins 6.-7. desember sl.

**39. Erlendir borgarar - 1811039SA**

Lagt fram til kynningar bréf Hafnarfjarðarkaupstaðar, dags. 19. nóvember 2018, um málefni erlendra borgara sem fá þjónustu hjá Hafnarfjarðarkaupstað.

**40. Samstarf um EES-mál við umhverfis- og auðlindaráðuneytið - 1511062SA**

Lögð fram til kynningar samantekt samkvæmt 2. gr. samnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins frá 27. nóvember 2015.

Fundi var slitið kl. 15:20

---

Aldís Hafsteinsdóttir

---

Heiða Björg Hilmisdóttir

---

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir

---

Eyþór Laxdal Arnalds

---

Gunnar Einarsson

---

Guðmundur Ari Sigurjónsson

---

Rakel Óskarsdóttir

---

Bjarni Jónsson

---

Kristján Þór Magnússon

---

Jón Björn Hákonarson

---

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

---

framkvæmdastjóri

---

ritari

## **Fundargerð 409. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands**

Árið 2019, föstudaginn 18. janúar kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Guðný Hrund Karlsdóttir, Eydís Ásbjörnsdóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Hanna Björg Konráðsdóttir (í fjarfundarbúnaði), Pétur Ólafsson, Björn Arnaldsson og Lúðvík Geirsson.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### **1. Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2018 - 1801004HA**

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 408. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 23. nóvember 2018.

Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

### **2. Hafnafundur 2019 - 1901003HA**

Rætt um dagsetningu hafnafundar 2019 sem haldinn verður í Þorlákshöfn.

Samþykkt að halda hafnafundinn 26. september nk. og er fræðslunefnd falið að hefja undirbúning.

### **3. Fundargerðir Siglingaráðs - 1712003HA**

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 10. og 11. fundar Siglingaráðs frá 8. nóvember og 13. desember 2018.

Stjórnin ræddi álagningu siglingaverndargjalda sbr. fundargerð nr. 11.

### **4. Samstarfsverkefni hafnasambandsins - 1901005HA**

Rætt um hugsanleg samstarfsverkefni hafnasambandsins (flutningahópur sjávarklasans, ESPO).

Formanni falið að skoða betur hvað aðild að ESPO og flutningahóp Sjávarklasans kostar á ári. Ákveðið að taka málið aftur upp á næsta stjórnarfundi.

### **5. Framlög til hafnaframkvæmda í fjárlögum 2019 - 1901004HA**

Lagðar fram upplýsingar um fjárframlög í hafnabótasjóð í fjárlögum 2019 en skv. fjárlögum eru 915.5 m.kr. settar í hafnabótasjóð 2019.

### **6. Farþegaskip - skýrsla - 1901006HA**

Lögð fram til kynningar skýrsla um farþega- og áhafnakannanir og ferðaþjónustu.

Pétur kynnti niðurstöðurnar en ítarlegri gögn verða lögð fyrir á næsta stjórnarfundi.

**7. Umsögn um frumvarp til laga um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða - 1812001HA**

Lögð fram til kynningar umsögn Hafnasambands Íslands til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 8. janúar 2019, um frumvarp um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða.

**8. Drög að frumvarpi um gjald vegna nýtingar eldissvæða í sjó - óskað umsagnar - 1901007HA**

Vaktin athygli á drögum að frumvarpi í Samráðsgáttinni um gjald vegna nýtingar eldissvæða í sjó.

**9. Eftirlit Fiskistofu - skýrsla Ríkisendurskoðunar - 1901008HA**

Vaktin athygli á skýrslu Ríkisendurskoðunar til Alþingis um eftirlit Fiskistofu, dags. í desember 2018.

Stjórn óskar eftir því að samráðsnefnd hafnasambandsins og Fiskistofu fari yfir efni skýrslunnar varðandi þau atriði sem snerta hafnir með það að markmiði að hafnasambandið komi að frekari umræðu um vigtarmál.

Samþykkt að taka skýrsluna til umræðu á næsta fundi stjórnar.

Fundi var slitið kl. 12:50

---

Gísli Gíslason

---

Guðný Hrund Karlsdóttir

---

Eydís Ásbjörnsdóttir

---

Guðmundur M Kristjánsson

---

Hanna Björg Konráðsdóttir

---

Pétur Ólafsson

---

Björn Arnaldsson

---

Lúðvík Geirsson

---

Valur Rafn Halldórsson

Bæjarráð Snæfellsbæjar  
Júníana Björg Óttarsdóttir

**Varðandi: Aukafjárveitingu vegna ofns á leikskóla Snæfellsbæjar/Krílakot**

Gufu- og steikarofn leikskólans Krílakots er að gefa sig. Ég ráðfærði mig við starfsmann bæjarins um að gera við eða að yfirlífa hann í þeirri vona að ofninn myndi duga eitthvað áfram. Því miður var ekki hægt að gera. Ofninn er farinn að baka misjafnlega og illa og það ískrar í honum þegar vissu hitastigi er náð. Viftan er að fara að gefa sig og eftir að hafa leitað allra leiða virðist ekki vera hægt að fá varahluti í hann, m.a. vegna þess að fyritækið sem hann var keyptur hjá er ekki til lengur í dag. Að auki er ofninn nánast 15 ára gamall og hefur þjónað leikskólanum vel en það er að fara líða að leiðalokum fyrir hann.

Við fjárhagáætlunargerð fyrir 2019 var ekki gert ráð fyrir að endurnýja ofninn, þar sem á þeim tímapunkti var ég enn að vonast til að hægt væri að yfirlífa hann og koma skikki á hann þannig að hann dygði í nokkur ár í viðbót. Nú er hins vegar búið að gera ráðstafanir fyrir fjárhagsárið 2019, þar sem farið verður í nokkur nauðsynleg verkefni, eins og brunarvarnahurðir við eldhúsið á Kríubóli og skipta út glugga á einni hlið á Krílakoti.

Ég hef beðið um tilboð í ofn frá þremur fyritækjum og virðist heildarkostnaðurinn við nýjan ofn verða í kringum 1200þús. kr.

Hér með óska ég eftir aukafjárveitingu allt að 75-80% af þessari upphæð, eða 900-950þús. Afganginn mun ég taka af öðrum fjárveitingum og hliðra til eftir þörfum.

Virðingarfyllst  
Ingigerður Stefánsdóttir  
Leikskólastjóri Leikskóla Snæfellsbæjar.

06840

Ólafsvík 29.október 2018

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

c/o Kristinn Jónasson

Klettsbúð 4

360 Hellissandur

Stjórn Hesteigendafélagsins Hrings sækir hér með um styrk til starfsemi sinnar árið 2019.

Meðfylgjandi eru endurskoðaðir ársreikningar fyrir árið 2017.

Það er ósk stjórnarinnar að við fáum styrk á fjárhagsáætlun bæjarins eins og við höfum fengið undanfarin ár og hefur nýst vel í starfsemi okkar.

Einnig óskum við eftir niðurfellingu fasteignargjalda á reiðhöll okkar að Fossárvegi 7.

Virðingarfyllst

Stefán S. Kristófersson

Stefán S. Kristófersson

Formaður Hesteigendafélagsins Hrings, Ólafsvík

Ólafsvík 15. Febrúar 2019

Bréf til bæjarstjórnar Snæfellsbæjar

Sólarsport hefur verið rekið á efri hæð sundlaugarinnar í Snæfellsbæ undanfarin ár, staðreyndin er sú að húsnæðið er með minna móti og reynist okkur erfitt að bæta æfingaaðstöðuna í því rými sem við höfum. Stöðin rúmar fáa iðkendur í einu og er hún ansi þéttsetin á álagstínum, nú þegar er stöðin orðin full af æfingatækjum og getum við lítið gert til þess að gera stöðina að stöð þar sem fólk ætti að geta stundað fjölbreyttar æfingar eins og td. Crossfit æfingar og fleira sem hefur orðið til þess að Snæfellsbæingar hafa verið fara til Grundarfjarðar á æfingar. Þykir okkur þetta vera slæm þróun fyrir íbúa Snæfellsbæjar. Við búum í samfélagi þar sem mikil áhersla er lögð á að öll íþrótta og menningaraðstaða sé til fyrirmynadar þá má nefna, íþróttahúsið, sundlaugina, knattspyrnuvöllinn, sparkvöllinn, reiðhöllina og golfaðstöðuna sem á að gera að toppaðstöðu. Einnig hefur Snæfellsbær stutt við bakið á Kára Viðarsyni við uppbyggingu Frystiklefans sem gerir mennigarlífíð okkar betra. Við fögnum þessu og erum stolt af þeirri uppbyggingu sem hér hefur átt sér stað á síðustu misserum. Okkur finnst hins vegar lítið verið hugað að líkamsræktaraðstöðunni í allri þessari uppbyggini sennilega vegna þess að síðast liðin 20 ár hefur Sólarsport verið rekið án þess að eigendur hafa leitað til Snæfellsbæjar eftir stuðningi. Nú er kominn tími á endurnýjun á mörgum af okkar tækjum, og auk þess þyrfti að bæta við tækjum og búnaði til þess að mæta auknum kröfum samfélagsins. Spurning okkar til bæjarstjórnar er sú hvort að Snæfellsbær hafi áhuga á að styðja okkur í uppbyggingunni á eitthvern hátt eins og t.d að stækka núverandi húsnæði inn í stúku sundlaugarinnar og styrkja okkur til tækjakaupa.

Einnig óskum við eftir fundi með bæjarstjórn.

Eigendur Sólarsports ehf.

Sigurður Ómar Scheving

Marsibil Katrín Guðmundsdóttir

12.febrúar 2019.

Til bæjarstjórnar Snæfellsbæjar

Tilefni þessa bréfs er að í morgun (12.2.'19) var ég við störf í áhaldahúsini með starfsfélaga mínum Sigurði Sveini Guðmundssyni að undbúa koma millivegga plötum upp í íbúð á Jaðri. Okkur kom saman um að fá lyftara og mann frá Ragnari og Ásgeir til þess koma plötunum upp á svalir og inn í íbúð á Jaðri.

Þessi ákvörðun okkar fór eitthvað í taugarnar á verkstjóranum Ævari Sveinssyni. Hann gjörsamlega tryllist og kallaði okkur öllum hugsamlegum illum nöfnum svo sem "fífl", "vitleysingar" og "hálfvitar" og í viðurvist annara starfsmanna áhaldahúsins.

Þetta er ekki í fyrsta skipti frá því Ævar tók við verkstjórn hjá bænum sem þannig uppákoma kemur upp.

Ég er bara búinn að fá nóg af þessu og tel mig eiga betra skilið eftir 37 ára starf hjá bæjarfélaginu.

Því vil ég biðja bæjarstjórn um taka þetta mál upp og reyni tala hann til, þannig hann sýni bæði kurteisi við starfsmenn áhaldahúsins og aðra sem þangað leita.

Virðingarfyllst,

Anton Gísli Ingólfsson

*Anton G. Ingólfsson  
Skuðarar S. Þorðarson*

## Alda: Ráðgjöf um styttingu vinnuvikunnar og eflingu lýðræðisins

Í nýliðnum sveitastjórnarkosningum voru stytting vinnuvikunnar og eflingu lýðræðisins ofarlega á baugi. Fjölmörg framboð lýstu vilja til þess að ná raunverulegum árangri í þessum efnum sem oft voru nefnd meðal helstu forgangsverkefna.

Í þessu sambandi vill Alda, félag um sjálfbærni og lýðræði, benda á þá aðstoð og þjónustu sem félagið getur veitt um bæði styttingu vinnuvikunnar og eflingu lýðræðisins. Innan félagsins er búið byggja upp þekkingu á styttingu vinnuvikunnar á Íslandi sem og í öðrum löndum, ásamt því að vega og meta kosti hennar og galla. Félagið getur veitt ráðgjöf um hvernig sé best að standa að styttingu vinnuvikunnar innan einstakra vinnustaða, og hvaða þarf sérstaklega að huga að til að styttingin geti gengið sem best fyrir sig.

Innan félagsins er sömuleiðis búið að byggja upp þekkingu á ýmsum möguleikum til eflingar lýðræðsins, til dæmis á þátttökufjárhagsáætlunargerðum, slembivöldum borgaraþingum og rökræðukönnunum. Alda getur veitt ráðgjöf um kosti og galla mismunandi lýðræðisferla og hvernig sé heppilegast að innleiða viðeigandi ferla og einnig haldið utan um viðburði og veitt starfsfólki sveitarfélaga þjálfun.

Alda hefur áhuga á að koma að máli við sveitarstjórnarfólk um þessi málefni og er tilbúið til þess að koma fram á opnum umræðu- og kynningarfundum. Þeir Guðmundur D. Haraldsson (BS, MSc í sálfraði og ákvarðanatöku) og Sævar Finnbogason (doktorsnemi í heimspeki og fyrrum sveitarstjórnarmaður) munu bera hitann og þungann af þeim. Guðmundur hefur ritað fjöldu greina og rætt við forsvarsmenn stéttarfélaga og stjórmálflokka um styttingu vinnuvikunnar. Sævar hefur á undanförnum árum sérhæft sig í þátttöku- og rökræðulýðræðisferlum.

Allt frá stofnun félagsins, árið 2010, hefur Alda beitt sér fyrir dýpkun lýðræðis, og styttingu vinnuvikunnar frá 2011. Félagið hefur haldið kynningar og veitt margskonar ráðgjöf til ýmissa aðila, meðal annars ráðuneyta, sveitarfélaga, opinberra stofnana, stéttarfélaga, félagasamtaka og stjórmálflokka. Þá hefur Alda komið fram í öllum helstu fjölmáðlum landsins og veitt ótal umsagnir til Alþingis. Alda er og verður ætíð óháð stjórmálflokkum og tilbúin til að vinna með öllum sem hafa áhuga á að efla lýðræðið, stuðla að sjálfbærni og bæta lífsgæði almennings.

Nánari upplýsingar um félagið má finna á vefsíðu þess, [www.alda.is](http://www.alda.is). Nánari upplýsingar um ráðgafajónustu félagsins veitir undirritaður í gegnum síma (896-8867) eða tölvupóst ([aldademocracy@gmail.com](mailto:aldademocracy@gmail.com)).

Fyrir hönd stjórnar Öldu,

Guðmundur D. Haraldsson stjórnarmaður

## Kristinn Jónasson

---

**From:** Páll Snævar Brynjarsson <pall@ssv.is>  
**Sent:** mánudagur, 11. febrúar 2019 17:52  
**To:** Steinar Adolfsson; linda; arnih@skorradalur.is; Gunnlaugur A. Júlíusson; Sveitarstjori Dalir; Helgafellssveit Hreppsnefnd; Jakob Björgvin Jakobsson; Björg Ágústsdóttir; Kristinn Jónasson; Eggert Kjartansson  
**Subject:** Fræðsluferð  
**Attachments:** Fræðsluferð til Danmerkur 2019.docx

Ágætu oddvitar, bæjar- og sveitarstjórar

Eins og um var rætt á fundi ykkar 28 janúar s.l. þá hefur verið ákveðið að bjóða uppá fræðsluferð fyrir kjörna fulltrúa og framkvæmdastjóra sveitarfélaga til Danmerkur í vor. Farið verður frá Keflavík að morgni 23 apríl og komið heim föstudagskvöldið 26 apríl. Gist verður allar næturnar á Hótel Imperial í Kaupmannhöfn.

Kostnaður á mann vegna flugs og gistingar (einbýli) eru kr.111.500. Til viðbótar við þennan kostnað er síðan kostnaður vegna rútuferða. Meðfylgjandi eru drög að dagskrá, sem ennþá eru óstaðfest.

Sveitarfélögin á Vesturlandi standa straum af kostnaði við ferð sinna fulltrúa, en starfsfólk SSV sér um alla skipulagningu og.

**Við óskum eftir því að fá upplýsingar frá ykkur um fjölda fulltrúa í ferðina fyrir föstudaginn 22 febrúar.**

Með góðri kveðju  
Páll S. Brynjarsson

## Drög

### Fræðsluferð sveitarstjórnarfulltrúa af Vesturlandi 2019

Tímasetning: 23 til 26 apríl 2019

Staður: Danmörk, gisti verður á Hotel Imperial í Kaupmannahöfn

Fyrirkomulag: Hvert og eitt sveitarfélaga tekur ákvörðun um hve marga þátttakendur þau senda í ferðina og allur kostnaður fellur á viðkomandi sveitarfélaga. Starfsfólk SSV sér um allan undirbúning og skipulag, auk þess að vera n.k. „fararstjórar“. Óskað verður eftir því að kynningar verða á ensku, en í umræðu verður hægt að nota ensku og dönsku.

#### Þriðjudagur 23 apríl

Brottför frá Keflavík kl.07.45

Heimsókn til Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn

Kvöldverður í Kaupmannahöfn

#### Miðvikudagur 24 apríl

Farið til Odsherreds sveitarfélags á Norðvestur-Sjálandi þar sem við skoðum eftirfarandi:

- Hvað hefur breyst eftir 2007, þegar sveitarfélagið var sameinað og stækkað í sameiningarátaki danskra stjórnvalda
- Visit Odsherred, ferðaþjónusta í sveitarféluginu
- Odsherred geopark (jarðvangur)

#### Fimmtudagur 25 apríl

Farið til Sorø þar sem höfuðstöðvar svæðisstjórnarinnar eru (Region Sjælland)

- Kynning á „sóknaráætlun“ svæðisins
- „Landsbyer skal have et løft“. Kynning á átaksverkefni um að laða að nýja íbúa og ferðamenn með góðu aðgengi að áhugaverðum útvistarsvæðum, göngu- og hjólastígum og leiksvæðum.

Farið til Kaupmannahafnar

- Heimsókn í nýsköpunarhús Kaupmannahafnar.

#### Föstudagur 26 apríl

- Heimsókn til KL Sambands sveitarfélaga í Danmörku
  - Kynning á nýsköpunarverkefnum varðandi þjónustu sveitarfélaga
  - Kynning á átaksverkefni um hagræðingu í rekstri sveitarfélaga
- Frí eftir hádegi
- Brottför til Íslands Kl.22.30



Snæfellsbær  
Klettsbúð 4  
360 Snæfellsbær

ATVINNUVEGA- OG  
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík  
sími: 545 9700 postur@anr.is  
anr.is

Reykjavík 12. febrúar 2019  
Tilv.: ANR19010051/07.03

Efni: Áfangastaðaáætlanir.

Ráðuneyti ferðamála vill vekja athygli yðar á eftirfarandi.

Í Vegvísi í ferðaþjónustu sem kom út á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Samtaka ferðaþjónustunnar árið 2015 var eitt af forgangsmálum í verkefnaáætlun að gera vandaðar stefnumótandi stjórnunaráætlanir fyrir ferðaþjónustu í hverjum landshluta (DMP) sem síðar fengu nafnið áfangastaðaáætlanir. Ráðuneytið fól Ferðamálastofu í samvinnu við markaðsstofur landshlutanna að vinna áætlanagerðina og fór fram umfangsmikil vinna á vegum markaðsstofa landshlutanna með þátttöku landshlutasantaka sem og einstakra sveitarfélaga auk þess sem fullríui Sambands íslenskra sveitarfélaga sat í stýrihópi verkefnisins. Grunnhugsun að baki áfangastaðaáætlana fyrir landshluta er samstarf og samþætting vegna annarra áætlana á einstaka svæðum. Má þar meðal annars nefna deili- og aðalskipulagsgerð sveitarfélaga auk ýmissa landsáætlana s.s. samgönguáætlunar, byggðaáætlunar og landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. Nú hafa þessar áfangastaðaáætlanir verið gefnar út, hver í sínum landshluta og má m.a. finna þær á heimasíðu ráðuneytisins sem og á heimasíðu Ferðamálastofu. Mikilvægt er að áætlunum verði fylgt eftir með aðgerðum og þar eru sveitarfélögin lykilaðilar.

Með bréfi þessu fer ráðuneytið þess á leit að áfangastaðaáætlun Vesturlands verði lögð fram í bæjarráði/sveitarstjórn og vísað til viðeigandi stofnunar/sviðs í sveitarfélagi yðar. Sjá slóðina:

<https://documentcloud.adobe.com/link/track?uri=urn%3Aaaid%3Ascds%3AUS%3A4510ccd4-64da-4020-ba1d-1fdb78e7a5fc>

Fyrir hönd ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

Sigrún Brynja Einarsdóttir

Steinunn Valdís Óskarsdóttir

## Kristinn Jónasson

---

**From:** Guðrún M. Magnúsdóttir <gudrun@nsv.is>  
**Sent:** mánudagur, 11. febrúar 2019 11:43  
**To:** 'Eyja- og Miklaholtshreppur'; helgafelssveit341@gmail.com; Kristinn Jónasson;  
'Björg Ágústsdóttir'; 'Jakob Björgvin Jakobsson'  
**Subject:** Vottun og nýtt merki 2019: Congratulations Snaefellsnes Peninsula!  
**Attachments:** 190208 Digital Certificate Certified Platinum - Snaefellsnes Peninsula.pdf


Sæl öll,

Innilega til hamingju með árangurinn! Í viðhengi er að finna platinum vottun EarthCheck og platinum merki með ártalinu 2019. Ég hvet ykkur og þá starfsmenn sveitarfélaganna sem eru í kynningarstarfi af einhverju tagi að setja nýtt merki í kveðjur á tölvupóstum og að nota merkið í tengdu markaðsstarfi.

Kveðja,  
Guðrún M. Magnúsdóttir  
Verkefnastjóri

Umhverfisvottun Snæfellsness  
Hafnargötu 3 | 340 Stykkishólmur | 433-8121 | 849-2486 | [www.nesvottun.is](http://www.nesvottun.is)

 @umhverfisvottun



---

**From:** EarthCheck - Relationship Management [mailto:[relationshipmgt@earthcheck.org](mailto:relationshipmgt@earthcheck.org)]  
**Sent:** föstudagur, 8. febrúar 2019 04:43  
**To:** [gudrun@nsv.is](mailto:gudrun@nsv.is)  
**Cc:** Romina Trossero <[romina.trossero@earthcheck.org](mailto:romina.trossero@earthcheck.org)>  
**Subject:** Congratulations Snaefellsnes Peninsula!

Snaefellsnes Peninsula  
Guðrún M. Magnúsdóttir

Dear Guðrún M. Magnúsdóttir,

**Congratulations Snaefellsnes Peninsula!**

On behalf of the EarthCheck team, congratulations to Snaefellsnes Peninsula on achieving EarthCheck Certified Platinum status. We worked hard to reach this milestone which demonstrates Snaefellsnes Peninsula's commitment to preserving its natural environment.

#### Logo

As a Certified Platinum member Snaefellsnes Peninsula can use the EarthCheck Certified Platinum logo from the date of certification. Please refer to the 'Logos Usage Policy' before use.

#### Celebrating your achievement:

To help you celebrate and share your story, we have provided the following documents:

- Your Certified Platinum *digital certificate* (attached). Please note that this certificate is valid 12 months from the date of certification.
- EarthCheck's *"Sixth Step" marketing kit and promotional guide* which includes suggestions for communicating your achievement.
- A template *press release*.
- A *staff announcement* poster.
- A *social media template* for Twitter and Facebook.

For more information on any of the enclosed, please contact your Relationship Manager, Romina Trossero, either via email at [romina.trossero@earthcheck.org](mailto:romina.trossero@earthcheck.org).

*Thank you for being a world leader in sustainability and congratulations again on your achievement!*

Kind regards,



Melinda Watt

Encl.

1. Certified Platinum Digital Certificate

**Melinda Watt**  
Vice President – Relationship Management  
Phone: +61 7 3238 1900

Join the conversation with us on social media and through our EarthCheck App.




2019

THIS IS TO CERTIFY

**SNAEFELLSNES PENINSULA**

HAS BEEN ASSESSED AS MEETING PLATINUM  
CERTIFICATION (10 YEARS) REQUIREMENTS OF THE  
EARTHCHECK DESTINATION STANDARD

**DESTINATION**



Achievement Date: 08 February 2019



Chairman

[www.earthcheck.org](http://www.earthcheck.org)

*the planet deserves more than half measures*



# 79. Héraðsþing HSH

verður haldið fimmtudaginn 14. mars 2019 kl. 18:00  
í Grunnskólanum í Stykkishólmi

## Dagskrá:

1. Þingsetning
2. Tilnefning þingforsta, varaþingforsta og tveggja þingritara
3. Skipun kjörbréfanefndar
4. Skýrsla stjórnar
5. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar
6. Umræður um skýrslu stjórnar og reikningar lagðir fram til Samþykktar
7. Kosning nefnda þingsins:
  - a) Fjárhagsnefnd
  - b) Íþróttanefnd
  - c) Allsherjar- og laganeftnd.
8. Ávörp gesta
9. Fjárhagsáætlun lögð fram
10. Framkomnar tillögur lagðar fram og vísað til nefnda
11. Nefndarstörf
12. Nefndarálit, umræður og atkvæðagreiðslur
13. Kosningar
  - a) Formaður HSH
  - b) Aðrir í stjórn og varastjórn
  - c) Tveir skoðunarmenn og tveir til vara
  - d) Ráð og nefndir skv. gildandi samþykktum og reglum
  - e) Uppstillingarnefnd, 3 af formönum aðildarfélaga HSH sem starfa fram að næsta héraðsþingi
  - f) Kosning á Íþróttapring ÍSÍ
14. Önnur mál
15. Þingslit.

## Lilja Ólafardóttir

---

**From:** Ottar Guðjónsson <ottar@lanasjodur.is>  
**Sent:** mánudagur, 11. febrúar 2019 13:00  
**To:** radhus@reykjavik.is; kopavogur@kopavogur.is; postur@seltjarnarnes.is; gardabaer@gardabaer.is; hafnarfjordur@hafnarfjordur.is; mos@mos.is; oddviti@kjos.is; reykjanesbaer@reykjanesbaer.is; grindavik@grindavik.is; skrifstofa@vogar.is; sandgerdi@sandgerdi.is; akranes@akranes.is; skorradalur@skorradalur.is; hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is; borgarbyggd@borgarbyggd.is; grundarfjordur@grundarfjordur.is; helgafelssveit341@gmail.com; stykkisholmur@stykkisholmur.is; eyjaogmiklaholtshreppur@vortex.is; Snæfellsbær; dalir@dalir.is; bolungarvik@bolungarvik.is; postur@isafjordur.is; sveitarstjori@reykholar.is; talknafjordur@talknafjordur.is; vesturbyggd@vesturbyggd.is; sudavik@sudavik.is; arneshreppur@arneshreppur.is; drangsnes@drangsnes.is; strandabyggd@strandabyggd.is; skagafjordur@skagafjordur.is; skrifstofa@hunathing.is; valdimar@blonduos.is; skagastrond@skagastrond.is; skaga/byggd@simnet.is; hunavatnshreppur@hunavatnshreppur.is; akrahreppur@akrahreppur.is; akureyri@akureyri.is; nordurthing@nordurthing.is; fjallabyggd@fjallabyggd.is; dalvik@dalvik.is; esveit@esveit.is; horgarsveit@horgarsveit.is; postur@svalbardsstrond.is; sveitarstjori@grenivik.is; sveitarstjori@myv.is; skrifstofa@tjorneshreppur.is; thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is; svalbardshreppur@svalbardshreppur.is; sveitarstjori@langanesbyggd.is; sfk@sfk.is; fjardabyggd@fjardabyggd.is; skrifstofa@vopnafjardarhreppur.is; fljotsdalshreppur@fljotsdalur.is; borg@eldhorn.is; djupivogur@djupivogur.is; egilsstadir@egilsstadir.is; afgreidsla@hornafjordur.is; postur@vestmannaeyjar.is; radhus@arborg.is; myrdalshreppur@vik.is; klaustur@klaustur.is; asahreppur@asahreppur.is; hvolsvollur@hvolsvollur.is; ry@ry.is; hrani@fludir.is; hve@hveragerdi.is; olfus@olfus.is; gogg@gogg.is; skeidgnup@skeidgnup.is; blaskogabyggd@blaskogabyggd.is; floahreppur@floahreppur.is  
**Cc:** Erling Ásgeirsson; Heida ; Ísólfur Gylfi Pálason  
**Subject:** Bréf til allra sveitarstjórna frá Kjörnefnd Lánaþjóðsins.  
**Attachments:** ottar\_190211-103808-c.pdf

Til allra sveitarstjórna

Hér með sendist meðfylgjandi bréf frá kjörnefnd Lánaþjóðs sveitarfélaga ohf., dags. 11. febrúar 2019, þar sem auglýsingt er eftir framboðum til stjórnar Lánaþjóðsins.

Áformað er að halda aðalfund Lánaþjóðsins síðdegis föstudaginn 29. mars 2019 á Grand hóteli í Reykjavík, end fundurinn verður boðaður sérstaklega í samræmi við lög um hlutafélög.

Frestur til að skila framboðum eða tilnefningum til kjörnefndar rennur út kl. 12 á hádegi mánudaginn 4. mars 2016.

Bestu kveðjur

Fh. Kjörnefndar LS  
Óttar

---

Óttar Guðjónsson, framkvæmdastjóri (CEO), Lánaþjóði sveitarfélaga (e. Municipality Credit Iceland)  
Direct:(+354) 515 4948, Mobile:(+354) 895 4567, e-mail: [ottar@lanasjodur.is](mailto:ottar@lanasjodur.is)

Til allra sveitarstjórna

Reykjavík 11. febrúar 2019

1503002LA ÓG  
Málalykill:711

**Efni: Auglýsing eftir framboðum í stjórn Láanasjóðs sveitarfélaga**

Stjórn Láanasjóðs sveitarfélaga hefur skipað kjörnefnd til undirbúnings kjörs stjórnar og varastjórnar á aðalfundi sjóðsins. Kjörnefnd skipa Erling Ásgeirsson, formaður, Heiða Björg Hilmsdóttir og Ísólfur Gylfi Pálason. Aðalfundur félagsins verður haldinn þann 29. mars næstkomandi á Grand Hótel í Reykjavík. Kjörnefnd mun taka við og fara yfir framboð til stjórnar og varastjórnar og gera tillögu til aðalfundar.


Um framboð og kjör til stjórnar gilda hlutafélagalög nr. 2/1995, og lög um fjármálfyrirtæki 161/2002. Jafnframt er farið að Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja ([www.leidbeiningar.is](http://www.leidbeiningar.is)) að eins miklu leyti og unnt er.

Kjörnefnd óskar eftir að tilnefningar og/eða framboð sé send í síðasta lagi á hádegi 12:00 mánudaginn 4. mars nk. til Erlings Ásgeirssonar formanns nefndarinnar, [erling.asgeirsson@simnet.is](mailto:erling.asgeirsson@simnet.is). Framboðum þurfa að fylgja upplýsingar svo kjörnefnd geti tekið afstöðu til þekkingar, reynslu og almennus hæfis frambjóðenda.

Upplýsingar um tillögur kjörnefndar verða birtar á heimasíðu Láanasjóðsins um leið og unnt er, í síðasta lagi tveimur vikum fyrir aðalfund á slóðinni [www.lanasjodur.is/kjornefnd-2019](http://www.lanasjodur.is/kjornefnd-2019).

Kjörnefnd óskar eftir að sveitarstjórnarmönnum sé kynnt innihald bréfs þessa eins fljótt og unnt er til að áhugasömum gefist tími til að skila inn tilnefningum og/eða framboðum.

Virðingarfallst fh. kjörnefndar  
LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA

  
Óttar Guðjónsson

Snæfellsbær

b.t. Kristinn Jónasson

Klettsbúð 4

360 Hellisandur

#### Efni: Húsnæðisáætlanir sveitarfélaga


Samkvæmt lögum um nr. 44/1998 um húsnæðismál hefur Íbúðalánasjóður m.a. það hlutverk að halda utan um húsnæðisáætlanir sveitarfélaga og vera sveitarfélögunum til ráðgjafar við gerð þeirra. Á næstu vikum munu starfsmenn Íbúðalánasjóðs hafa samband við öll sveitarfélög á landinu og kanna hver staðan er á gerð húsnæðisáætlana í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Ljóst er að sveitarfélögin eru misjafnlega langt á veg kominn í þeirri vinnu og vill Íbúðalánasjóður hvetja þau sveitarfélög sem ekki hafa ráðist í gerð húsnæðisáætlunar að hefjast handa sem allra fyrst. Íbúðalánasjóður mun veita sveitarfélögunum ráðgjöf og aðstoð við gerð húsnæðisáætlana eftir þörfum.

Þann 21. desember síðastliðinn tók gildi reglugerð nr. 1248/2018 um húsnæðisáætlanir sveitarfélaga.<sup>1</sup> Reglugerðin er sett í framhaldi af breytingu á lögum nr. 44/1998 um húsnæðismál og er þar m.a. kveðið á um að öll sveitarfélög skuli gera húsnæðisáætlun til fjögurra ára í senn og þær skuli uppfærðar árlega með tilliti til breytinga og þróunar sem orðið hafa á forsendum hennar á milli ára. Þá kemur einnig fram að sveitarfélög skuli skila uppfærðum húsnæðisáætlunum til Íbúðalánasjóðs eigi síðar en 1. mars ár hvert og að fyrstu útgáfu húsnæðisáætlana skuli skilað **eigi síðar en 1. mars 2019**.

Hlutverk húsnæðisáætlana er að gefa skýra heildarmynd af stöðu húsnæðismála í hverju sveitarfélagi fyrir sig, greina framboð og eftirspurn eftir ólíkum húsnæðisformum og setja fram áætlun um hvernig sveitarfélagið ætlar að mæta húsnæðisþörf heimila, bæði til skemmri og lengri tíma.

Tengiliður sjóðsins vegna vinnslu við gerð húsnæðisáætlunar er Einar Þorvaldur Eyjólfsson og má nálgast allar frekari upplýsingar í gegnum tölvupóstfangið [aætlun@ils.is](mailto:aætlun@ils.is).

Virðingarfyllst,



Einar Þorvaldur Eyjólfsson, verkefnisstjóri

<sup>1</sup> <https://www.reglugerdir.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/velferdarraduneyti/nr/1248-2018>

# Skorað á stjórnvöld að hefja tafalausar viðræður um þjónustu hjúkrunarheimilanna

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) héldu félagsfund þann 1. febrúar síðast liðinn. Á fundinum var samþykkt ályktun þar sem skorað er á Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) og heilbrigðisráðuneytið (HBR) að hefja nú þegar markvissar og raunhæfar viðræður við SFV og Samband íslenskra sveitarfélaga (SÍS) um þjónustu hjúkrunarheimila, sem og þjónustu í dagdvalarrýmum. Sú krafa er gerð að í viðræðunum afmarki stjórnvöld þá þjónustubætti og kröfur sem þau telja unnt að skerða með hliðsjón af fjárveitingum sem veita eigi til rekstursins. Fundurinn skoraði jafnframt á SÍ að greiða áfram þá eyrnamerkutu fjármuni sem hjúkrunarheimilum voru veittir í fjárlögum til að mæta aukinni hjúkrunarþyngd sem orðið hefur á heimilunum. Þeim tæpum 300 mkr. halda SÍ og/eða ráðuneytið í sinni vörslu.

## Ýmist neita eða svara engu

Í júní 2018 lögðu SFV fram kröfugerð í 14 liðum til framlengingar þágildandi rammasamnings ríkisins um þjónustu hjúkrunarheimila. Um er að ræða langstærsta þjónustusamning sem SÍ hafa gert, en hátt í 30 milljarðar króna voru greiddir hjúkrunarheimilum á grundvelli hans ár hvert. SFV og SÍS hafa enn fremur gert þá kröfu að samhliða niðurskurði fjármagns (bæði beinum og óbeinum niðurskurði) þurfi að draga úr kröfum sem gerðar eru til þjónustunnar. SÍ hafa ekki fallist á einn einasta af áðurnefndum fjörtán liðum í kröfugerð SFV. Þá hafa stjórnvöld ekki fengist til að útlista hvaða kröfum hægt sé að draga úr eða falla frá í viðræðunum. Síðasti formlegi fundur samningaraðila, þar sem fram fóru efnislegar viðræður, var haldinn í október 2018 og enn hefur ekki verið boðað til annars samningafundar. Til að viðræðurnar verði sem markvissastar hafa SFV jafnframt óskað eftir að fá hlutlausan, utanaðkomandi aðila til að stýra viðræðum og miðla málum með álika hætti og ríkissáttasemjari gerir gagnvart aðilum vinnumarkaðarins.

Svipuð staða er uppi í viðræðum SFV, SÍ og SÍS um þjónustu í dagdvalarrýmum. Viðræðurnar hófust í janúar 2018, en ekki hefur verið haldinn formlegur samningafundur frá því í mars 2018. Að lágmarki 30% vantar upp á fjárveitingu dagdvala með hliðsjón af þeim kröfum sem velferðarráðuneytið lagði fram, en ekki hafa fengist svör um hvort draga skuli úr kröfum, fækka rýmum eða bæta við fjármagni til að samningur geti náðst.

## Fyrirvaralaus reglugerð og gjaldskrá sett án tilkynningar eða samráðs

Á félagsfundi SFV var enn fremur lýst fyrir miklum vonbrigðum með þau vinnubrögð SÍ og HBR sem viðhöfð voru við setningu reglugerðar og gjaldskrár fyrir þjónustu hjúkrunarheimila í desember 2018. Með þeim voru gerðar grundvallarbreytingar á greiðslum til hjúkrunarheimila landsins hvað varðar greiðslur smæðarálags sem og greiðslur vegna aukinnar hjúkrunarþyngdar, án nokkurrar tilkynningar, samráðs eða fyrirvara gagnvart heimilunum þrátt fyrir að fulltrúar heimilanna hefðu verið í samningaviðræðum við stjórnvöld í marga mánuði. Slík vinnubrögð eru ekki til þess fallin að auka traust á milli aðila eða tiltrú á samningaferlinu.

## Eyrnamerkum fjármunum haldið eftir

Á fundinum var einnig skorað á stjórnvöld að greiða strax áfram þá fjármuni sem hjúkrunarheimilum voru veittir í fjárlögum til að mæta aukinni hjúkrunarþyngd sem orðið hefur á heimilunum. Þrátt fyrir viðbótarfjárveitinguna miða SÍ við sömu þyngdarstuðla og notaðir voru fyrir árið 2018 í þeirri nýju gjaldskrá sem tók gildi um áramót. Í þessu felst að um 276,4 milljónir króna sem fjárlaganefnd og Alþingi eyrnamerkutu til reksturs hjúkrunarheimila verða ekki greiddir til heimilanna samkvæmt gjaldskránni, heldur haldið eftir í vörslu stofnunarinnar eða heilbrigðisráðuneytisins. Var skorað á heilbrigðisráðherra og SÍ að framkvæma tafalausa leiðréttingu og ennfremur að fjárlaganefnd og þingmenn beiti sér fyrir því að ákvörðun alþingis verði virt.

## Þurfa að skerða þjónustu

Af hálfu Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu er ljóst að við óbreyttar aðstæður er óhjákvæmilegt að taka mjög fljóttlega ákvarðanir um skerðingu þjónustubátta til að mæta rýrnun verðgildis fjárveitinga til rekstrar hjúkrunarheimilanna samfara kostnaðarhækkunum undanfarin misseri. Þær aðgerðir verða án efa útfærðar með mismunandi hætti á heimilunum enda aðstæður mismunandi. Eftir fremsta megni verður þó leitast við að haga þeim þannig að íbúar verði fyrir eins litlu óhagræði og unnt er.

Reykjavík 5. febrúar 2019.

Nánari upplýsingar veita Eybjörg Hauksdóttir, framkvæmdastjóri SFV, í síma 8989225, netfang: eybjorg@samtok.is, og Pétur Magnússon, formaður SFV í síma 8411600, netfang: petur.magnusson@hrafnistast.is.



Snæfellsbær  
Kristinn Jónasson  
Klettsbúð 4  
360 HELLISSANDI

Reykjavík 12. febrúar 2019

## Efni: Fyrirspurn um notendaráð fatlaðs fólks

Öryrkjabandalag Íslands sendir öllum sveitarfélögum á landinu eftirfarandi fyrirspurn:

1. Hefur sveitarfélagið skipað í notendaráð eftir að lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir voru sett?
  - 1.1. Ef svo er, hvernig er skipan notendaráðsins háttáð?
  - 1.2. Ef ekki, hvenær og hvernig er áætlað að skipa í ráðið?
2. Hvert er áætlað hlutverk notendaráðsins? Að hvaða ákvarðanatökum mun notendaráðið koma og þá með hvaða hætti?

### Greinargerð

Þann 20. september samþykkti Alþingi fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF). Ísland varð aðildarríki samningsins mánuði síðar. Unnið er nú að samræmingu lagaákvæða og framkvæmdar við samninginn á öllum sviðum.

Þann 9. maí 2018 voru lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir sett. Með þeim var eitt skref, af mörgum, tekið til þess að leiða SRFF í lög hér á landi. Í lögunum segir með skýrum hætti að sveitarfélög, ábyrgðaraðilar þjónustu við fatlað fólk, skuli fara eftir SRFF í allri vinnu sinni. Í 3. mgr. 1. gr. laganna segir orðrétt:

**Við framkvæmd laga þessara skal framfylgt þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, einkum **samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks**. Þá skulu stjórnvöld tryggja að fatlað fólk, þ.m.t. hagsmunasamtök þess, hafi áhrif á stefnumörkun og ákvarðanir er varða málefni þess.**

### Samráðsskylda sveitarfélaga

SRFF er ætlað að tryggja jafnræði á milli fatlaðs fólks og annarra á öllum sviðum mannlifsins. Með honum er m.a. ætlunin að útrýma þeiri mismunun sem felst í valdaleysi fatlaðs fólks yfir eigin lífi. Lykilþáttur í því að tryggja raunverulegt sjálfræði

fatlaðs fólks er að það komi að allri ákvarðanatöku. Réttur fatlaðs fólks til samráðs er tryggður sérstaklega í 3. mgr. 4. gr. samningsins.<sup>58</sup> Samráðsskyldan við fatlað fólk og hagsmunasamtök eiga við alla aðila sem taka ákvarðanir sem hafa bein eða óbein áhrif á fatlað fólk. Gildir þá samráðsskyldan um alla ákvarðanaferla (e. *decision-making processes*), frá upphafi til enda.<sup>59</sup>

Með nýjum lögum var þessi samráðsskylda lögfest gagnvart sveitarfélögum. Tryggja verður aðkomu fatlaðs fólks, raunverulegra notenda þjónustu að notendaráðunum. Sjá 7., 8. og 11. gr. laga nr. 38/2018 og jafnframt 8. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum.<sup>60</sup>

Ljóst er af ofansögðu að sveitarfélög eru nú orðin lagalega skuldbundin til að hafa samráð við fatlað fólk og hagsmunasamtök þess. Notendaráðin, starf þeirra og greiðsla fyrir vinnuna sem felst í setu í notendaráðum verður að vera til samræmis við SRFF.

### Framkvæmd samráðsskyldu í hverju sveitarfélagi

Sú bylting sem felst í SRFF, að öll nálgun á að tryggja hagsmuni notenda fyrst og fremst, mun verða leiðarstef við framkvæmd þjónustu hér á landi með tíð og tíma.

Hætta er á að framkvæmd samráðsskyldunnar á milli sveitarfélaga verði mismunandi eftir aðstæðum á hverjum stað og mun væntanlega þurfa tíma til að móta og slípast til. Þó er mikilvægt að gætt verði að ákveðnum lykilatriðum við framkvæmdina, t.d. að haft verði samráð við hagsmunasamtök fatlaðs fólks við skipun þeirra, sbr. 1. gr. nýrra laga.

Mikilvægt er að vel takist til og því er nauðsynlegt að yfirsýn náist yfir framkvæmdina, m.a. til þess að skapa góð fordæmi sem önnur sveitarfélög geti notið góðs af.

Heimildir okkar herma að ekki hafi öll sveitarfélög komið upp notendaráðum, jafnframt sé samráðsskylda við fatlað fólk og hagsmunasamtök ekki nægilega formföst og hefur ÖBÍ áhuga á því að fylgjast með þróun mála.

### Öryrkjabandalag Íslands býður fram aðstoð sína

Öryrkjabandalag Íslands er heildarsamtök fatlaðs fólks á Íslandi. Innan þess eru 43 aðildarfélög sem starfa á landsvísu. Félagsmenn þeirra eru um 42 þúsund.

Innan ÖBÍ hefur skapast mikil þekking á SRFF og íslenskum lögum. ÖBÍ er tilbúið til að veita sveitarfélögum ráðgjöf varðandi framkvæmd samráðs sveitarfélaga við fatlað fólk, hvert inntak samráðs á að vera, hvernig uppsetningu notendaráða skuli háttað, hvert hlutverk þeirra ætti að vera o.s.frv. ÖBÍ hefur m.a. tilbúinn fyrirlestur um málið.

<sup>58</sup> Þegar aðildarríkin undirbúa löggjöf sína og stefnu samningi þessum til framkvæmdar og vinna að því að taka ákvarðanir um málefni sem varða fatlað fólk skulu þau hafa náið samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, einnig fatlaðra barna, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd.

Þýðing tekin úr samþykktum þingsályktunum um fullgildingu samings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þingskjal 1637 — 865. mál. Alþingi 145. löggjafarþingi 2015–2016.

<sup>59</sup> Sjá skýringar á inntaki samráðsskyldunnar í almennu álti nefndar Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. CRPD/C/GC/7.

<sup>60</sup> Sjá einna helst breytingar með lögum nr. 37/2018.

Fyrirlesturinn er ætlaður sveitarstjórnarmönnum, starfsfólki sveitarfélaga og öðrum sem koma að ákvarðanatöku.

### Lokaorð

Ný lög fela í sér spennandi framtíðarsýn sem unnin verður í samstarfi sveitarfélaga, notenda og hagsmunasamtaka. Er það von ÖBÍ að vel takist til enda er það hagur allra aðila að vinna saman að einu samfélagi fyrir alla.

Vinsamlegast sendið svör innan tveggja vikna frá móttöku bréfsins.

Ekkert um okkur án okkar.

Með vinsemdu og virðingu,

  
Þuríður Harpa Sigurðardóttir  
Formaður ÖBÍ

## Kristinn Jónasson

---

**From:** Ragnhildur Sigurðardóttir <ragnhildur@snaefellsnes.is>  
**Sent:** þriðjudagur, 12. febrúar 2019 17:31  
**To:** Kristinn Jónasson; Björg Ágústsdóttir; Jakob Björgvin Jakobsson; Eyja- og Miklaholtshreppur; Helgafelssveit Hreppsnefnd; hrafnhildur@stykkisholmur.is; Jósef Ó. Kjartansson  
**Cc:** Ragnhildur Stefánsdóttir; Anna Eyjólfssdóttir; Þórdís A. Sigurðardóttir; Guðrún M. Magnúsdóttir  
**Subject:** Listsýningin Umhverfing á Snæfellsnesi 2019  
**Attachments:** Bréf til Bæjarstjórna og nefnda. 2019 Umhverfing.pdf; Nr.3 Umhverfing KYNNING.pdf; Kynning á Jarðarstund 2019 (1).pdf

Heilir og sælir kæru bæjarstjórar og oddvitar á Snæfellsnesi.

Má ég biðja ykkur að renna yfir meðfylgjandi viðhengi og taka þau fyrir (stutt kynning?) á næsta bæjar/hreppsnefndar/stjórnarfundi? og/eða senda þetta til viðkomandi Lista-og menningarnefndar með ósk um að þau taki þetta formlega fyrir á næsta fundi?

Markmiðið er að gera þetta spennandi listaverkefni Umhverfingu "snæfellskt" og eins gott og það getur orðið, nú getum við tekið þátt (fyrirtæki/bæjarfélög) og gert úr þessu eins mikið og við teljum ástæðu til.

Opununarhátiðin verður 22. júní n.k. hér á Breiðabliki, þar sem við sýnum myndir af öllum listaverkunum sem verða sett upp, inni og úti, á Snæfellsnesi, allt að stöðum þar sem við viljum fá gesti. Væntanlega verður um að ræða stærstu samsýningu í íslenskri myndlist frá upphafi :o) Það eru margar hugmyndir í gangi, jafnvel um að einhverjir listamenn verði með kynningar eða gjörninga í sumar við sín verk ofl.

Set með í póstinn listakonurnar góðu sem hér skrifa ykkur kynningarbréf (sjá viðhengi) og halda utan um listaverkefnið, og Guðrúnu okkar umhverfisfulltrúa. Ein hugmyndin sem er að þróast er að Jarðarstundin 2019 (sjá viðhengi) verði m.a. tileinkuð strandhreinsiverkefni ársins (4 maí fyrir og eftir) og að þeir listamenn (af þeim u.p.b. 70 sem unnið er með í dag) sem vilja búa til verk úr því sem finnst þar taki þátt í þessu með okkur. Er þetta ekki allt augljóst? Hafið samband ef þið viljið frekari kynningu :o)


--  
Með góðri kveðju af Snæfellsnesi

Ragnhildur Sigurðardóttir

Framkvæmdastjóri Svæðisgarðsins Snæfellsnes

Sími 8486272

[www.snaefellsnes.is](http://www.snaefellsnes.is), [Facebook](#)





AKADEMÍA SKYNJUNARINNAR  
ACADEMY OF THE SENSES

Reykjavík 11.02.2019

## Til bæjarstjóra, oddvita, lista- og menningarnefnda á Snæfellsnesi

Við undirritaðar, fyrir hönd Akademíu skynjunarinnar, viljum með bréfi þessu kynna myndlistarsýninguna Nr.3 Umhverfing sem fyrirhugað er að halda víðsvegar um Snæfellsnes á komandi sumri.

Umhverfing er yfirgripsmikið menningarverkefni sem hefur það að markmiði að tengja myndlistarmenn þjóðarinnar við þau byggðarlög sem þeir eiga rætur að rekja til. Verkefnið hófst árið 2017 með sýningunni Nr. 1 Umhverfing á Sauðárkróki. Annar áfangi, Nr.2 Umhverfing var haldin á Egilsstöðum 2018. Þessi sýning er eins og nafnið gefur til kynna sú þriðja í röðinni. Undirbúningur hennar hófst síðastliðið sumar og höfum við verið í sambandi Elísabetu Haraldsdóttur menningarfulltrúa Vesturlands og Ragnhildi Sigurðardóttur framkvæmdastjóra Svæðisgarðsins Snæfellsnes, sem hafa verið okkar aðal tengiliðir og samstarfsmenn.

Við kynntum hugmyndir okkar á fyrsta fundinum sem haldinn var á Breiðabliki og leiddi Ragnhildur okkur ásamt Elísabetu í skoðunarferð um þetta stórkostlega landsvæði og kynnti okkur það mannlíf sem einkenir Snæfellsnes og gerir það að einhverjum vinsælasta og ástsælasta ferðamannastað landsins. Síðan þá höfum við farið nokkrar ferðir um Snæfellsnes og hitt fólk og skoðað staði sem hugsanlega væri hægt að nota sem sýningarstaði. Þess má geta að annar tilgangur verkefnis okkar er að finna og nýta óhefðbundin sýningarrými og staði utanhúss fyrir nútímagyndlist.

Við höfum meðal annars rætt við eigendur nokkurra veitingastaða, skoðuðum veglegt bókasafn Stykkishólms, bæjarskrifstofur Grundarfjarðar, Dvalarheimili Ólafsvíkur, litum hýru auga á Sjóminjasafnið á Hellissandi, heimsóttum húsakynni á Hellnum, Gufuskálum, Frystiklefann á Hellissandi, Norska Húsið, hótel í Stykkishólmi og fl og fl.

Einn þáttur í undirbúningsvinnunni er að finna listamenn sem eru ættaðir frá, búa, eða hafa búið, og eða tengast Snæfellsnesi sterkum böndum.

Fjöldi frábærra og þekktra listamanna munu taka þátt í sýningunni, alls 67 manns. Eins og áður getur munu verkin verða sýnd á mörgum stöðum. Hér er því um umfangsmikla, fjölbreytta og spennandi sýningu að ræða í sérstæðri og stórbrotinni umgjörð náttúru og bæja á Snæfellsnesi.

Það er ánægjulegt að geta þess að í hópnum eru 8 myndlistarmenn sem hafa farið sem fulltrúar myndlistar á Feneyjarbienalinn, stærstu alþjóðlegu sýningar heims, og mega Snæfellingar vera virkilega stoltir af því.

Þetta eru: Sigurður Guðmundsson, Kristján Guðmundsson, Steingrímur Eyfjörð, Helgi Þorgils Friðjónsson, Ragnar Kjartansson, Erró, Rúrí og Dieter Roth. Dieter Roth, sem löngu er orðinn heimsfrægur, dvaldi oft á Hellnum. Hann hefur löngum verið álitinn faðir nútímalistar á Íslandi og áhrifa hans gætir víða. Þess má geta að þessir listamenn sýna að staðaldri erlendis í virtum stofnunum.

Mikilvægt er að halda vel utan um svo stórt verkefni sem þetta. Eigi verkefnið að takast vel þarf það á samstarfi við bæjarfélögin og stuðningi þeirra að halda. Með ýmsum hætti má styrkja þetta verkefni, til dæmis með verklegri aðstoð við að flytja listaverk, aðstoð við að setja upp listaverk, hugsanlega einhverjar smíðar og/eða jarðvinnu. Spurning væri hvort slíkt mætti leysa að einhverju leit í samstarfi við bæjarvinnu/ unglingsvinnu / sumarvinnu á hverjum stað. Eins eru ábendingar og ráðgjöf vel þegin. Einnig þarf að huga að gistiþými fyrir þá listamenn sem munu vinna verk sérstaklega fyrir ákveðna staði, og fyrir verkefna og sýningarstjórnina.

Stefnt er að því að vinna við uppsetningu hefjist 10 júní.

Opnun sýningarinnar verður 22. júní n.k. og mun sýningin standa fram til loka ágústmánaðar og verða framlengd ef þess er óskað m.a. til að sýna sérstaklega nemendum skólanna á Snæfellsnesi .

Við munum fljótlega verða aftur á ferð um Snæfellsnes, til áframhaldandi skipulagningar og undirbúnings. Það er von okkar að fá þá tækifæri til að kynna nánar fyrir ykkur verkefnið og ræða um framhald verkefnisins og samstarfs möguleika og heyra hvort og hvernig, þið á Snæfellsnesi, teljið ykkur geta stutt þetta verkefni.

Meðfylgjandi er viðhengi með nánari kynningu á hugmyndinni að baki Umhverfingar-sýningunum, ásamt upplýsingum um okkur sem vinnum saman undir heitinu Akademía skynjunarinnar.

Með virðingu og vinsemd

og ósk um gott samstarf

Fyrir hönd Akademíu skynjunarinnar

Þórdís Alda Sigurðardóttir/ Ragnhildur Stefánsdóttir / Anna Eyjólfssdóttir

Meginmarkmið sýningarárinnar eru tvö. Annars vegar að færa nútíma myndlist nær almenningi með því að setja upp listaverk í tengslum við aðra menningarstarfsemi á svæðinu en einnig í óhefðbundnu sýningarrými. Hins vegar að stofna til samstarfs milli listamanna úr borginni eða annarsstaðar frá og listamanna sem búa í eða tengjast byggðarlaginu og heima- og ráðamanna á staðnum. Sýningarárinnir verða margir og margvíslegir. Sýningin dreifist víðsvegar um Snæfellsnes en verður þó aðallega í þéttbýliskjörnum.

### Nánari lýsing:

#### Umhverfing

er nafn á sýningaráð sem fer á milli staða á landinu og hófst á Sauðárkróki í júní 2017 og nefndist þá NR.1 Umhverfing. Sýnt var á Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Bókasafninu og Héraðsskjalasafninu. Þátttakendur voru 15 og tengdust allir á ýmsan hátt Skagafirðinum. Sýningunum er allaf ætlað að styrkja samstarf á milli annars vegar að kominna myndlistarmanna sem eiga ættir að rekja, tengjast viðkomandi stað t.d. með fyrrum búsetu þar eða vera fæddir í héraðinu og hins vegar þeirra myndlistarmanna sem búa á staðnum. Sýningaráðinni er ætlað að efla jafnræði í menningar aðgengi landsmanna, það eru mannréttindi að allir hafi aðgang að nútímalist í nær umhverfi sínu.

Eitt af meginmarkmiðum verkefnisins er að færa listina inn í óhefðbundin sýningarrými og skapa umræðu um tilgang lífs og lista. Teflt verður saman ólíkum listamönnum sem vinna í mismunandi efni, og fást við fjölbreytileg viðfangsefni. Flest verk sem áður hafa verið á sýningunum Nr 1 og Nr 2 Umhverfing hafa verið ný verk, en þó eru undantekningar frá því.

Sýningin Nr. 2 Umhverfing var haldin á Egilsstöðum sl.sumar Og voru þátttakendur þar 37 talsins og allir tengdust þeir Héraði.

Sýnt var í Safnahúsinu, menningarhúsinu Slátturhúsið , ( vegna fjölda þátttakenda var sýnt þar líka) og í Dyngjunni Dvalarheimili aldraðra. Sýningin Nr.3 Umhverfing verður opin frá 22.júní fram á haustið 2019, meðal annars þannig að hægt sé að bjóða nemendum úr nágrannabyggðum að skoða sýninguna og fá leiðsögn um höfundana og verk þeirra. Gefin verður út þriðja kynningarþókin og plakat um sýninguna. Fyrirhugað er að prentað verði í Ólafsvík. Við teljum að það sé fengur fyrir íbúa á Snæfellsnesi að fá til sín myndlistarsýningu af þessari stærðargráðu og gaman fyrir listamenn, aðkomna og heimamenn, að kynnast. Áhugavert að fá sameiginlegt tækifæri til að sýna íbúum héraðsins og ferðafólki hvað verið er að gera í myndlist og síðast en ekki síst gaman fyrir okkur sem að sýningunum stöndum að fá tækifæri til að vinna með ráðamönnum, sveitastjórnar og safnafólki héraðanna.

Upphafsmenn sýningarraðarinnar eru myndlistarmennirnir Anna Eyjólfssdóttir, Þórdís Alda Sigurðardóttir, Ragnhildur Stefánsdóttir og vinnum við undir heitinu Akademía Skynjunarinnar .

Myndlistarmaðurinn Rúrí er sérstakur ráðgjafi Akademíunnar og þar á meðal þessarar sýningarraðar og hefur einnig sýnt með okkur í gegnum árin.

Netföng okkar eru : Anna Eyjólfss. [aeyjo@hotmail.com](mailto:aeyjo@hotmail.com) sími 8917148

Ragnhildur Stefánsdóttir [raggafow@simnet.is](mailto:raggafow@simnet.is) sími 8978246

Rúrí [ruri.art@centrum.is](mailto:ruri.art@centrum.is) sími 8968693

Þórdís Alda [toa@dalur.is](mailto:toa@dalur.is) sími 4538010 og 8202688

Og [academyofthesenses@gmail.com](mailto:academyofthesenses@gmail.com)



F. Frekari

## Jarðarstund

**30. mars 2019 kl. 20:30-21:30**

Við stefnum á að taka þátt í alþjóðlega umhverfisviðburðinum Earth Hour eða Jarðarstund í þriðja sinn síðan árið 2015. Á Jarðarstund munu milljónir jarðarbúa koma saman í fjölmögum löndum, til þess að vekja athygli á loftslagsbreytingum af mannavöldum. Í tilefni Jarðarstundar munu merk mannvirkir víðs vegar um heim standa óupplýst og í einhverjum tilfellum munu sveitar- og ríkisstjórnir, samtök, fyrirtæki og stofnanir standa fyrir viðburðum án rafmagns, í myrkri eða yfir kertaljósum. Viðburðunum er ætlað að vekja fólk til umhugsunar um þægindi nútímans og þann umhverfislega kostnað sem þau hafa í för með sér. Að við lítum í eigin barm og í hugum hvað við getum gert til að minnka neikvæð áhrif okkar sjálfrá á umhverfið.

Einkunnarorð viðburðarins eru „connect2earth“ eða „verum jarðtengd“ og leggur áherslu á að mannkynið einblíni á jarðbundin tengsl og hvernig við getum lifað sjálfbærara í sátt við náttúruna. Sveitarfélögin á Snæfellsnesi, í samstarfi við RARIK, munu taka þátt í Jarðarstundinni með því að slökkva á götuljósum milli klukkan 20:30 og 21:30 sem og ljósum í stofnunum sínum.

*Í ár viljum við nota viðburðinn til þess að leggja áherslu á hreina jörð og hreint haf, en við stefnum á stórt strandhareinsverkefni í vor og viljum því hafa þema Jarðarstundar – hrein jörð og hreint haf. Við hvetjum félagssamtök, fyrirtæki, nefndir, einstaklinga og aðra til þess að taka virkan þátt í Jarðarstund með því að gera eitthvað skemmtilegt í tilefni viðburðarins; ljóðalestur við myrkur/kertaljós, myrkvaður kvöldverður/leiksýning eða bara eitthvað sem hægt er að tengja við jarðarstund.*

*Frekari upplýsingar veitir Guðrún Magnea Magnúsdóttir, verkefnastjóri umhverfisvottunar Snæfellsness á [qudrun@nsv.is](mailto:qudrun@nsv.is)*

Earth Hour: <https://www.earthhour.org/>

Myndbönd: <https://www.youtube.com/user/earthhour>

Earth Hour Snæfellsnes: <https://www.facebook.com/earthhoursnae/>

Earth Hour: <https://www.facebook.com/events/1825291524266755/>